



Flugmálastjórn Íslands

# Flugslýsaæfingin Akureyri 2005



## Lokaskýrsla



## Efnisyfirlit

Efni	Bls.
Efnisyfirlit	3
Inngangsorð	5
<b>Kaflí 1 – Undirbúningsvinna æfingarinnar</b>	6
<b>Kaflí 2 – Þátttaka í æfingunni</b>	8
<b>Kaflí 3 – Almennt um framgang æfingarinnar</b>	9
<b>Kaflí 4 – Vettvangsmál</b>	13
• <b>Leikarar og förðun</b> → Vigdís Agnarsdóttir	15
• <b>Vettvangsstjórn</b> → Rögnvaldur Ólafsson	17
• <b>Leit og Björgun – Flutningar – Vettvangsstjórn</b> → Jón Friðrik Jóhannsson	18
• <b>Sjúkrahjálp á vettvangi og heilbrigðisþjónusta</b> → Bára Benediktsdóttir – Gísli Haraldsson – Kristín Sigurðardóttir – Guðbjörg Pálsdóttir	19
• <b>Starfsmenn og skipulag flugvallar</b> → Árni Birgisson – Bjarni Sighvatsson	22
<b>Kaflí 5 – Aðgerðarstjórn</b>	25
• <b>Aðgerðarstjórn</b> → Víðir Reynisson – Hjálmar Björgvinsson	27
• <b>Áfallahjálp/sálgæsla</b> → Margrét Blöndal – Guðrún Eggertsdóttir - Jóhann Thoroddsen	29
• <b>Björgunarsveitir</b> → Ingólfur Haraldsson	31
• <b>Rauði kross Íslands</b> → Herdís Sigurjónsdóttir	32
• <b>Fjölmíðlar</b> → Heimir Már Pétursson	35
• <b>Fjarskipti</b> → Jónína Sigurðardóttir – Jónbjörn Bogason	36
• <b>Rannsókn</b> → Þorkell Ágústsson	37
<b>Kaflí 6 – Skýrslur lausnaraðila</b>	39
• <b>Aðgerðarstjóri</b> → Guðjón Daníelsson	41
• <b>Vettvangsstjórn</b> → Jóhannes Sigfússon – Ingimar Eydal – Magnús Arnarson – Pengill Ásgrímsson	44
• <b>Vettvangsstjóri</b> → Jóhannes Sigfússon	47
• <b>Aðhlyningarstjóri</b> → Jón Guðmund Knudsen	51
• <b>Gæslustjóri</b> → Martha Óskarsdóttir	53
• <b>Flutningsstjóri</b> → Rúnar Jónsson	54
• <b>Slökkvilið Akureyrar</b> → Ingimar Eydal	55
• <b>FSA – Hópslysastjórn</b> → Þorvaldur Ingvarsson	57
• <b>Áfallahjálp/sálgæsla</b> → Ólafur Hergill Oddsson – Matthildur Sigurðardóttir – Brynja Óskarsdóttir – Valgerður Valgarðsdóttir	58
• <b>Móttaka og viðrun leikara</b> → Brynja Óskarsdóttir	59
• <b>Flugvöllur</b> → Áslaug Magnúsdóttir	61
• <b>Flugturn</b> → Halla Björk Reynisdóttir – Unnur Sigurðardóttir	63
• <b>Neidarlinan 112</b> → Kristján Hoffmann	65
• <b>Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð</b> → Björn Halldórsson	67
<b>Kaflí 7 - Viðaukar</b>	69
• <b>Fundargerð rýnifundar</b> → Bergþór N. Bergþórsson	71
• <b>Sambandslisti vegna æfingarinnar</b>	75

## **Orð og hugtök.**

### **Ráðgjafahópur.**

Ráðgjafahópur er hópur fólks af Reykjavíkursvæðinu og frá Akureyri sem hefur aflað sér sérþekkingar á sviði hópslysaviðbúnaðar, hver á sínu sviði. Hópurinn mætir á þann stað þar sem halda á æfingu, tryggir heimamönnum ákveðna fræðslu og aðstoðar við undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu æfingarinnar. Á æfingunni sjálfri eru þeir eftirlitsmenn og ráðgjafar og eru staðsettir þar sem sérþekking þeirra kemur að mestum notum.

### **Aðgerðarstjórn.**

Aðgerðarstjórn fer með yfirstjórn aðgerða og er oftast staðsett á lögreglustöð staðarins eða aðsetri almannavarna. Hana myndar hópur staðarmanna þar sem hver og einn starfar vegna þekkingar eða tengsla við sérhæfða starfshópa. Til dæmis fulltrúar löggæslu, björgunarsveita, heilbrigðismála, vegamála, slökkvímála og fleira í þeim dúr. Yfirmaður hópsins er lögreglustjóri staðarins eða fulltrúi hans. Verkefni aðgerðarstjórnar er að hafa heildaryfirlit yfir aðgerðirnar, útvega bjargir, sjá um flutning sjúklinga úr héraði, samræma aðgerðir í héraði og vera tengiliður samræmingarstjórnar í miðstöð almannavarna í Skógarhlíð í Reykjavík.

### **Vettvangsstjórn.**

Vettvangsstjórn er lítill hópur fagmanna (oft 2-5) er aðgerðarstjórn skipar til þess að fara með stjórnun aðgerða á (slysa)vettvangi. Vettvangsstjórn sem starfar oftast nærri vettvangi, upplýsir aðgerðarstjórn um gang mála, skipar verkþáttarstjóra eftir atvikum, útvegar bjargir og mannskap og tekur aðrar ákvarðanir er lúta að framgangi aðgerða á vettvangi.

### **Lausnaraðilar.**

Lausnaraðilar eru allir þeir viðbragðsaðilar heimamanna sem að aðgerðum og lausnum mála koma og vinna beint og óbeint undir stjórn aðgerðar-og vettvangsstjórna. Dæmi um lausnaraðila eru: slökkviliðsmenn, björgunarsveitir, lögregla, heilbrigðisfólk, aðhlyningarsamtök og margir fleiri.

### **Samhæfingarstöð.**

Samhæfingarstöð almannavarna er staðsett í Skógarhlíð í Reykjavík. Verkefni samhæfingarstöðvarinnar er að aðstoða td. aðgerðarstjórnir á landsvísu, útvega hverskins bjargir og samræma störf aðgerðarstjórna þegar umfang aðgerða krefst þess. Hana manna fólki með sérþekkingu á ýmsum sviðum er snerta björgunarmál svo og fulltrúar ýmissa opinberra stofnanna.

## Inngangsorð.

Daganna 26.-29. maí var haldin flugslysaæfingin Akureyri 2005.

Æfingin var liður í því skipulagi Flugmálastjórnar Íslands að halda eina viðamikla flugslysaæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Þessi æfing er í röð margra æfinga sem haldnar hafa verið undanfarin ár á flestum áætlunarflugvöllum landsins.

Að undirbúningi æfingarinnar og að sjálfri æfingunni kom að venju hópur manna af höfuðborgarsvæðinu, svokallaður ráðgjafahópur.

Hópur þessi samanstendur af sérfræðingum úr hinum ýmsu starfsstéttum og tengist starf hvers ráðgjafa samsvarandi starfseiningu viðkomandi æfingarsvæðis.

Heildarskipulag hverrar æfingar byggist á viðbragðsáætlun sem

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra í samvinnu við Flugmálastjórn, gefur út fyrir hvern flugvöll.

Samhliða æfingunum er því annaðhvort unnið að gerð nýrrar flugslysaáætlunar fyrir viðkomandi flugvöll eða þá að sú sem fyrir er tekin til endurskoðunar, bæði fyrir æfinguna svo og er hún yfirfarin í ljósi reynslunnar af æfingunni og lagfærð eftir því.

Þessi endurskoðun kemur líka viðbragðsaðilum hvers staðar til góða þar sem menn rýna í sinn þátt í áætluninni og gefst bæði tækifæri til að hafa áhrif á áætlunina sjálfa svo og einnig að aðlaga starf sitt og skipulag að henni eða breytingum sem á henni kunna að vera gerðar.

Venjulega er mikið lagt undir þegar æfingar eru haldnar.

Ráðgjafahópurinn fundar og skipuleggur frumvinnu við undirbúning æfingarinnar og í framhaldi af því er farið á viðkomandi stað og haldnar kynningar og kennslunámskeið. Viðbragðsaðilar hvers staðar rýna í skipulag sitt og búnað og leitast við að bæta hvorutveggja eftir þörfum. Oft er farið út í meiri og minni fjárfestingar í hlutun sem menn telja vanta til þess að eining þeirra geti staðið undir væntingum.

Það er því ljóst að mikið er lagt undir bæði með mikilli vinnu svo og útlögðum kostnaði. Síðast en ekki síst er mikil framlegð sjálfboðaliða, en án þeirra yrði víða harla lítið úr flugslysaæfingum, nyti þeirra ekki við.

Leitast er við að hafa skýrslu þessa sem einfaldasta og auðlesna.

Útgáfa hennar hefur eitt aðalmarkmið:

*Að draga fram hvað vel fór í viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar viti hvað þeir gerðu rétt og hvað vel fór á æfingunni..*

*Að draga fram hvað betur hefði mátt fara í viðkomandi æfingu svo viðbragðsaðilar geti dregið lærdóm af því og bætt úr.*

## **Kafli 1.**

### **Undirbúningsvinna æfingarinnar.**

Undirbúningur fyrir æfinguna "Akureyri 2005" hófst með fundi á Akureyri í lok janúar. Á fundinn voru boðaðir fulltrúar viðbragðsaðila sem hlutverki hafa að gegna í flugslysaáætlun fyrir Akureyrarflugvöll.

Þar voru allir beðnir að tilnefna einn tengilið frá hverri viðbragðseiningu til að koma mætti á framfæri upplýsingur og efni tengdu æfingunni.

Farið var yfir SÁBF kerfið og uppbyggingu almannavarnakerfis er lítur að flugslysum, veikleikar seinustu æfingar og úrlausn þeirra ofl.

Í byrjun maí voru síðan fræðsluerindi á Akureyri. Þar mættu fulltrúar frá ráðgjafahópnum (SAS-fólkið) og hélt erindi, hver um sitt svið.

Mæting norðanmanna var frábær og greinilegt að mikill áhugi var fyrir hendi. Á fyrri æfingum hefur það oft verið venjan að þessi erindi hafa verið flutt á fimmtu- og föstudeginum fyrir sjálfa æfinguna. Einmitt á sama tíma eru allir viðbragðsaðilar að ganga frá sínum málum og finnpússa sín plön. Það hefur því oft verið mikið álag á þessum dögum og í raun alltof mikið verið um að vera og menn stundum þurft að vera á fleirum en einum stað í einu.

Sú ákvörðun að flýta fræðsluerindunum og þar með léttu álaginu á seinustu daganna fyrir æfingu hefur gefist vel og verður sjálfsagt þannig í framtíðinni.

Venja er að uppfæra flugslysaáætlun æfingarstaðar hverrar æfingar, sérstaklega fyrir flugslysaæfingar. Þannig voru ný drög að flugslysaáætlun sett á netið þannig að þau væru öllum aðgengileg.

Var viðbragðsaðilum sent erindi þess efnis að þeir færu yfir þá kafla áætlunarinnar er snéri að verk-og viðbragði þeirra í áætluninni og þeir beðnir að koma með athugasemdir og eða lagfæringar.

Nokkuð voru viðbrögð dræm framan af en þegar æfingartíminn nálgast og menn voru hvattir til dáða þá fóru athugasemdir að skila sér og kom ný flugslysaáætlun út rétt fyrir æfinguna. Ekki þó endanleg útgáfa því sá lærdómur sem lærist af æfingunni sjálfri mun hafa áhrif á loka frágang hennar.

Allt efni varðandi æfinguna, eldri skýrslur og fleira efni má finna á [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) undir "Flugslys"

Að vanda var handgangur í öskjunni seinustu daga æfingarinnar en æfingin var sett fimmtudaginn 26.maí.2005.

## Flugslysæfingin AKUREYRI 2005 - DAGSKRÁ

Kl.	Fimmtudagur 26. maí	Föstudagur 27. maí	Laugardagur 28. maí	Sunnudagur 29. maí		
08:00 - 08:00						
09:00 - 10:00	Undirbúningur starfseininga Ef það hentar!!!	Undirbúningur starfseininga Ef það hentar!!!	Vinna hópa og verkþátta	Rýnifundur (Verkmenntaskólinn).		
10:00 - 11:00						
11:00 - 12:00						
12:00 - 13:00		Matur	Æfing			
13:00 - 14:00		Undirbúningur starfseininga Ef það hentar!!!				
14:00 - 15:00						
15:00 - 16:00	Boðunarprófun	Vettvangsstjórn (Verkþáttastjórar og lyklmenn ásamt ráðgjöfnum)	Aðgerðarsjórn Skrifborðsæfing	Hressing (Þáttakendur og leikarar)		
16:00 - 17:00	Fjarskiptaprófun			Viðrunarfundir starfseininga		
17:00 - 18:00	Undirbúningur starfs eininga Ef það hentar!!!		Frágangur			
18:00 - 19:00	Setning - (Verkmenntaskólinn).	Matur	Skýrsluskrif og undirbúningur fyrir rýnifund			
19:00 - 20:00		Stöðufundur - (Verkmenntaskólinn).				
20:00 - 21:00						

### Skýringar:

Sameiginlegt - allir mæta!
Almenn vinna - Starfsaðilar og verkþættir sinna undirbúningi
Skrifborðsæfing vettvangsstjórnar og aðgerðastjórnar

Hér er um að ræða grunddagskrá. Dagskrá einstakra undirbúningshópa er að finna hjá viðkomandi ráðgjafa og / eða tengilið heimamanna!

## Kaflí 2. Þátttaka í æfingunni.

### *Lausnarþáttur*

Slökkvilið	32
Flugvöllur	8
Björgunarsveitir	67
Rauði kross	22
Heilsugæslustöðin	10
Lögregla	13
Prestar / áfallahjálþ	10
Aðgerðastjórn	13
FSA	130
Samhæfingarstöð	18
<b>Samtals</b>	<b>323</b>

### *Bakskipulag*

Ráðgjafar	24
Leikarar (sjúklingar og aðstandendur)	66
Umsjón leikara	8
<b>Samtals</b>	<b>98</b>

<b>Heildarfjöldi þátttakenda</b>	<b>421</b>
----------------------------------	------------



### Kaflí 3. Almennt um framgang æfingarinnar.

Samkvæmt áætlun átti æfingin að hefjast klukkan 12:00 28.maí.2005. Vegna áætlunarflugs og þess að breytingar urðu á leikaraliði sjúklinga varð nokkur töf á og tafðist hún nokkuð vegna þess. Það var því ekki fyrr en klukkan var orðin rúmlega hálf eitt að æfingin hófst. Aðal æfingarsvæðið var suður og austur út frá suður brautarenda. Slysavettvangur var uppbyggður á nokkuð hefðbundinn hátt. Kröftugir eldar, bíflök með sjúklingum, gangandi og liggjandi sjúklingar á dreif um svæðið. Á milli lágu síðan hlutar úr alvöru flugvélum til að gera vettvanginn raunverulegri.

Svo sem verið hefur á undangengnum æfingum þá hafði vettvangurinn verið sýndur og kynntur á kynningarfundum fyrir æfinguna. Æfingarnar ganga að miklum hluta út á að þjálfa samvinnu og samstarf hinna ýmsu viðbragðsaðila og í ljósi þess eru allir hlutir hafðir uppi á borði þannig að aðilar geti skipulagt vinnu sína sem mest áður en að æfingin hefst. Einnig er mönnum uppálagt að vandvirkni og öryggi og öguð vinnubrögð skipti meira máli en hraði.

Þegar heildarmyndin er skoðuð þá er ekki hægt að segja annað en æfingin hafi gengið vel að langmestu leiti

#### ***Æfingarsagan ("flugslýsið")***

- ° ***Fokkar 50 flugvél hlekkist á við lendingu, vegna skyndilegs niðurstreymis.***
- ° ***Brotlendir við suðurenda flugbrautar.***
- ° ***Brak dreifist, eldar loga, farþegar fastir í flaki og nágrenni.***
- ° ***52.farþegar og 3.manna áhöfn.***
- ° ***Áverkar, ca: 5 látnir, 15 rauðir, 15.gulir, 15 grænir.***


**Í meðfylgjandi skýrslum, kaflar 4, 5 og 6, sem skrifaðar eru af meðlimum ráðgjafahóps, aðgerðarstjórnendum, bakskipulagi og lausnaraðilum eru tekin saman þau atriði sem vel fóru svo og þau sem betur hefðu mátt fara, með tillögum til úrbóta.**

**Tillögur til úrbóta er langoftast að finna í tölulið 4 hverrar skýrslu.**

Hér er að finna helstu tímaskráningar æfingarinnar:

12:31:30	Byrjað að kveikja í flökum.
12:34:10	Æfingin hefst-boðun.
12:34:45	Flugvallarslökkviliðið af stað.
12:36:20	Slökkvistörf hafin.
12:37:00	fyrsti lögreglubíllinn á staðinn.
12:38:30	Fyrsti sjúkrabíllinn á staðinn.
12:39:10	Fyrsti slökkvibíll bæjarlökkviliðs á staðinn.
12:44:20	Héraðslæknir mætir.
12:48:30	Fyrsta tilkynning vettvangsstjóra á vettvangi.
12:54:00	Fjöldahjálparstöð virkjuð.
12:57:00	Björgunarsveitir mæta.
12:57:50	Greiningarsveit á slysstað.
12:59:00	Innri lokun klár.
13:04:00	Fyrsti sjúklingur á SSS.
13:11:00	SSA virkjað.
13:30:00	Fyrsti aðstandandi á SSA.
13:33:00	Fyrsti sjúklingur á FSA.
15:10:00	Fyrsti aðstandandi á FSA.
15:25:00	Síðasti sjúklingurinn frá SSS.
15:34:00	SSA líkur störfum.
15:56:00	Vettvangsstjórn líkur störfum.
16:49:00	Aðgerðarstjórn líkur störfum.
16:50:00	Æfingu slitið.

Athugið að ekki er víst að þetta logg passi við önnur nema hvað tímalengd milli atburða snertir. Klukkur vor ekki samræmdar enda skiptir tími ekki neinu máli í svona æfingu.





## **Kafli 4**

# **Vettvangsmál**



## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Leikarar og förðun.	Vigdís Agnarsdóttir.

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Með mér störfuðu að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins: Jóhann Þór Jónsson SA og Elsa Benjamínsdóttir Björgunarsv. Árskógströnd sáu að mestu um undirbúning af hálfu heimamanna. Mér til aðstoðar við förðun og eftirlit með leikurum voru 6 heimamenn og 4 sjálfboðaliðar frá URKÍ Reykjavíkurbæild. Jón Friðrik Jóhannsson og Árni Ómar Árnason SHS unnu með okkur að skipulagi við staðsetningu leikara á vettvangi. Margrét Blöndal LSH og Guðrún Eggertsdóttir Biskupsstofu sem sáu um að koma aðstandendum og biðfarþegum í hlutverk.

### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi, í SSS, í flugstöð, á FSA

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Skráning leikara og gerð farþegalista þarf að fara fram á annan hátt. Það þarf að setja góðan ritara í þetta mál, ekki góð hugmynd að forvinna listann þar sem þeir sem hafa verið skráðir mæta svo kannski ekki.
- Spurning hvornig hægt sé að koma í veg fyrir að leikarar sem eru skráðir og búnir að fá hlutverk láti sig hverfa án þess að láta vita.
- Ekki gekk vel að útvega leikara í hlutverk aðstandenda, hugmynd kom frá Rauða krossinum og kirkjufólki að prestar og starfsfólk í kirkjum heimamanna verði fengnir til að útvega leikara í þessi hlutverk.
- Breyta þarf lífsmarkamiðum sem leikarar fá og einfalda þá aðeins.

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

--

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

##### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Förðunarnámskeið og leikarakynning sem haldin voru viku fyrir æfingu tókust mjög vel.
- Allur undirbúningur heimamanna varðandi aðbúnað og mat fyrir leikara var til fyrirmyndar.
- Allir leikarar sem þess óskuðu gátu tekið með sér teppi á vettvang.
- Undirbúningur og skipulag varðandi staðsetningu leikara á vettvangi heppnaðist mjög vel og verður framvegis reynt að skipuleggja þetta atriði á þennan hátt. Búið var að staðsetja gróflega alla leikara fyrirfram, eftir forgangi og eðli áverka, í samræmi við vettvang. (Klippuverkefni, brunaverkefni)
- Vettvangi var skipt upp í 4 svæði þar sem einn umsjónaraðili hafði eftirlit með sínum leikurum. Þar sem vettvangurinn var mjög dreifður hefði þetta verið mjög erfitt fyrir 1 aðila.
- Förðun leikara á æfingunni var frábær í alla staði.
- Leikarar stóðu sig mjög vel þrátt fyrir ungan aldur hjá flestum og langan biðtíma.

##### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Frábært að vera með talstöðvasamband innan eftirlitshópsins á svæðinu. Notuðum FM talstöðvar milli 5 eftirlitsaðila leikara á svæðinu.
- Verkefni fyrir RNF, RLA og kennslanefnd voru undirbúin þannig að nokkrir leikarar léku "látna" farþega frá upphafi og voru því sérstakt rannsóknæfni fyrir þessa aðila. Þetta lukkaðist mjög vel en þess ber að geta að vegna þess hve veður var hagstætt var ákveðið að gera þetta. Þetta væri ekki framkvæmanlegt í slæmu veðri. Sem dæmi má nefna þá lá einn leikarinn á maganum frá kl. 10 um morguninn til kl. 16.
- Það kom mjög vel út að vera með 2 minni rútur í stað einnar stærri þegar kom að flutningi leikara á milli staða í lok æfingar.
- Leiðréttur farþegalisti taldi 54 og það gekk upp í lok æfingar.
- Nokkur atvik á æfingunni urðu þar sem leikarar þurftu að fara úr hlutverki og jafna sig, þetta gekk mjög vel og einn leikari þakkaði sérstaklega fyrir hve vel var fylgst með honum og gripið inn í þegar við átti.



## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Vettvangsstjórn	Rögnvaldur Ólafsson

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögreglan á Akureyri, Slökkvilið Akureyrar, Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 11.

### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Vettvangsstjórn, Slysstað, Söfnunarsvæði slasaðra.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ruglingur, sem varð af óviðráðanlegum ástæðum, með ferþegalista æfingarinnar varð til þess að skapa óvissu um fjölda farþega. Upplýsingar og aðstoðarbeiðnir frá RNF komu of snemma inn til VS. Gestir æfingarinnar fóru af sínu svæði inn á svæði þar sem var fjöldi þolenda. Þetta ruglaði björgunarmenn þar sem þeir höfðu ekki rétta yfirsýn yfir vettvanginn. Þarf að vera mjög skýrt hvert þeir sem eru í bráðagreiningu fara með talningaspjöldin sín. Flugslysaáætlunin gekk upp með því að fjöldi TETRA talstöðva var lánaður á staðinn. Talstöðvar sem öllu jafna eru ekki til staðar. Þetta er atriði sem þarf að huga að. Einnig vantar tæki sem hægt er að nota sem stjórnstöð fyrir VS en til þess var lánuð bifreið frá RLS sem venjulega er staðsett í Reykjavík. Líklega of mikil áhersla lögð á talninguna hjá ráðgjöfum. Horfa meira á farþegalista og síðan fyrstu tölur úr bráðaflokkun á SLY. Þær tölur gefa nokkuð góða mynd af ástandinu og hægt að nota þær við að skipuleggja fyrstu aðgerðir.

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Menn í VS virtust þekkja vel til SÁBS bæði frá sjónarhorni VS og einnig AS. Það virtist stundum trufla menn að því leiti að þeir voru stundum farnir að hugsa um verkefni AS. Það var þó ekki mikið um það og menn virtust átta sig sjálfir á því þegar þetta gerðist. T.d. var nokkuð um það í upphafi að upplýsingar um sjúkraflug voru að fara inn til VS en VS vísaði því síðan frá sér. Of langur tími leið þar til auka björgunarlið var sent inn á vettvang (13:20). Það virtist stafa af því að Björgunarstjóri var einnig tæknilegur stjórnandi slökkviliðsins á staðnum og hann því ofhlaðinn verkefnum. 40 mín liðu (13:10) þar til hann var kominn með TETRA talstöð og í samband við VS. Talningin gekk upp í lok æfingar en þó komu upp nokkuð misvísandi tölur þegar leið á aðgerðina. Líklega best að miða við farþegalista og síðan fyrstu tölur frá SLY í upphafi og miða aðgerðina út frá því. Tölur eftir það voru að valda ruglingi. Heiti starfsstöðva og stjórnenda voru að ruglast hjá mönnum þegar þeir voru að kalla sín á milli og einnig inn til VS.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Uppryfjunarnámskeið fyrir VS var haldið nokkru fyrir æfinguna og síðan tvær skrifborðsæfingar. Fyrri æfingin var aðallega fyrir AS og því ekki fullskipa í VS en var góð æfing og var hægt að laga hnökra sem upp komu í samskiptum milli VS og AS. Seinni skrifborðsæfingin var haldin með öllum fulltrúum VS og AS. Sú æfing var góður vettvangur til að slípa saman störf þeirra viðbragðsaðila sem komu að VS. Vel var staðið að undirbúning hjá VS fyrir æfinguna og allur búnaður og gögn VS voru yfirfarinn.

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Störf VS á vettvangi gengu mjög vel í heildina og menn voru yfirvegaðir í sinni vinnu í VS. Verkaskipting innan VS var skýr og vissu menn sín hlutverk. Einn starfsmaður VS sá um að halda aðgerðarskrá og var allt bókað sem gert var innan VS. Mjög góð vinna hjá VS.

## Flugslysæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Slökkvi/björgunarpáttur	Jón Friðrik - Árni Ómar - Jörgen V.

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Slökkvilið, Lögregla, Björgunarsveitir, Flugslysanevnd, lækna.

<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Á slysvettvangi.

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
<b>Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:</b> Æfingarlegs eðlis hefði Björgunarstjóri eða Vettvangsstjórn getað notast við sendiboða til að koma sambandsleysi við Flutningastjóra í lag fyrir en gert var. Það leið allt of langur tími þar til Vettvangsstjórn loksins náði sambandi í gegnum síma við Flutningastjóra og gat lagað vandamálið sem var notkun á vitlausri rás.

#### **Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:**

Það hefði mátt vera ljóst fyrir æfingu að verkþáttarstjórar verða að vera með aðstoðarmenn sem sjá um fjarskipti að einhverju leyti. Þá á ég aðallega við Björgunarstjóra og Flutningastjóra. Það hefur reynst ágætlega að aðstoðarmaðurinn sjái um fjarskipti við slökkvilið og Björgunarstjóri sjái hins vegar eingöngu um fjarskipti við aðra verkþáttarstjóra og Vettvangsstjórn. Eins þurfa Björgunarsveitir að skaffa fjarskiptamann við hlið Björgunarstjóra. Það er einnig bagalegt að slökkvilið og Lögregla skuli vera að vinna með sitthvort talstöðvarkerfið. Það er spurning með frumgreiningu hvort sjúkraflutningsmennirnir og lækna hefðu ekki getað dreift sér betur í upphafi í stað þess að vera 3 saman. Söfnunarsvæði sjúklunga og aðkoma flutningstækja hefði getað verið betri, sem og nýting á þeim faratækjum sem gátu nálgast sjúklunga utan vegar, það hefði sparað burð.

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.</b>
<b>Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:</b> Allt glimrandi.

#### **Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:**

Að frátöldum þeim atriðum hér að ofan gekk æfingin afskaplega vel að öllu leyti. Slökkvistörf sem og klippuvinna glimrandi.

## Flugslysaaefingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Sjúkrahjálpi á vettvangi, söfnarsvæði slasaðra og heilbrigðisstofnunar.	Bára Benediktsdóttir, Gísli Haraldsson, Kristín Sigurðardóttir og Guðbjörg Pálsdóttir. /GP

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri (FSA), Heilsugæslan á Akureyri (HAK), Slökkvilið Akureyrar (SA), Rauði kross Íslands (RkÍ) og Björgunarsveitirnar Sútur, Dalbjörg, Tindur, Krókur og Dalvík.

<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Kristín Sigurðardóttir og Gísli Haraldsson á vettvangi (síðar á HAK), Bára Benediktdóttir á söfnunarsvæði slasaðra (SSS) og Guðbjörg Pálsdóttir á FSA.

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
----------------------------------------------------------------------------------------

### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

#### Slysstaður:

- Áhugi var fyrir þeirri fræðslu sem í boði var, en æskilegt er að hafa hana opna fyrir alla starfsmenn þar sem erfitt er að festa vettvangsvinnu við einstaka starfsmenn í raunverulegu slysi.

#### SSS:

- Það vantaði númer á litahliðar spjaldanna. Teygjan var þrædd í gegnum allan plastvasann og lokaði þannig auðvelt aðgengi að spjaldinu. Hvorutveggja olli töfum á skráningu inn á SSS.
- Nauðsynlegt er að heilbrigðisstarfsfólk æfi sig meira í notkun nýrra spjalda.
- SSS var tilbúið 30 mínútum áður en fjarskipti náðust við vettvang og því ekki hægt að tilkynna það til rétttra aðila.
- Erfiðlega gekk að fá tetrastöðvar til að geta haft samband við Aðgerðarstjórn (AS) og Samhæfingastöð (SS).

#### FSA:

- Samkvæmt starfsfólki var þörf á að fá meiri fræðslu t.d. um störf aðhlyningastjóra, notkun nýrra spjalda og fleiri þætti tengda heildarskipulagi vegna hópslysa.

#### HAK:

- Taka þarf fram í hópslysaáætlun HAK að vakthafandi heilsugæslulæknir (vaktlæknir) þurfi að gefa sig fram við komu á móttöku (MÓT) og síðar björgunarstjóra.

### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

#### Slysstaður:

- Vaktlæknir nálgast ekki upplýsingar hjá björgunarstjóra við komu á slysstað, áður en bráðaflokkun hófst. Lögð er áhersla á að svo sé gert, skv. SÁBF-kerfinu.
- Vantar talstöð fyrir vaktlækni svo hann geti gefið sig fram við björgunarstjóra.
- Bráðaflokkunin var ekki nógu markviss í byrjun æfingar en lagaðist fljótlega. Áhersla er lögð á að viðbragðsaðilar vinni sjálfstætt en ekki í teyrum við bráðaflokkunina.
- Vaktlæknir hefði þurft að geta fyrr haft yfirumsjón með meðferð, umönnun og flutning sjúklinga af vettvangi.
- Meðhöndlun og flutningur sjúklinga varð fyrst markviss þegar að björgunarsveitir komu á vettvang.
- Í upphafi var áberandi hversu mikill mannskapur og tími fór í að fylgja gangandi sjúklingum að flutningstækjum. Nauðsynlegt er að forgangsraða flutningum sjúklinga út frá bráðaflokkuninni.

- Í upphafi hefði mátt nýta vinnukraft bráðatækis og neyðarbílsmanna (EMT-I) frá SA betur úti á vettvangi við umönnun slasaðra.
- Fulltrúi talningastjóra kom seint á vettvang en talningarstjóri þarf að vera þar frá byrjun. Það hefur áhrif á störf vaktlækis ef hann getur ekki komið tölum strax frá sér og haldið áfram að hafa sinna bráðaflokkuninni, sem hann annars ber ábyrgð á.

#### SSS:

- Í heildina gekk notkun spjaldanna vel.
- Fjarlægja þarf skilti á SSS sem merkt eru ennþá SSÓ (söfnunarsvæði óslasaðra).
- Veggföst talstöð á SSS þarf að lækka um 50 cm, hátalarinn þarf að vera við hliðina á talstöðinni en svo glymji ekki um allt SSS.
- FSA þarf að kaupa litla VHF talstöð fyrir stjórnandi lækni greiningarsveitar svo hann sé ekki háður fastri veggstöð þegar hann hefur beint samband við FSA.
- Lyf og súrefni bærust ekki frá FSA.
- Hugsanlega má senda meiri mannskap frá FSA í upphafi aðgerða á SSS en síðan fylgja einhverjir starfsmenn fyrstu sjúklingum á sjúkrahúsið.
- Vel gekk að halda fólki í burtu af SSS sem ekki hafði þar störfum að gegna.
- Aðhlyningastjóri þarf að hafa vettvangsfatnað og vera vel merktur.

#### FSA:

- Skrifa þarf inn í hópslysaáætlun FSA að stofnunin skipi og sé ábyrg fyrir aðhlyningastjóra.
- Vakthafandi læknir á sjúkraflugsvakt á FSA var ekki kallaður út, þrátt fyrir að beiðni hafi borist um sjúkraflug frá FSA. SS þarf að hafa þetta sem úrræði í beiðni við sjúkraflugi.

#### HAK:

- Betur þarf að greina á milli sjúklinga sem annars vegar biðu skoðunar og hins vegar þeirra sem búið var að skoða og voru í áframhaldandi eftirliti.
- Kaupa þarf vel merktan skjólfatnað fyrir vakthafandi heilsugæslulækni, svo að hann sé viðbúinn aðstæðum á vettvangi og skeri sig úr.
- Nauðsynlegt er að allar fagstéttir HAK komi að störfum við hópslys.

### **4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

#### **Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:**

##### Slysstaður:

- Vel var fylgst með öryggi sjúklinga, sérstaklega í ljósi sinubruna.
- Sérstök ánægja var hjá björgunarsveitum á Eyjarfjarðarsvæðinu með þá fræðslu sem var í boði fyrir æfinguna.

##### SSS:

- Fjarskipti við Samhæfingastöð (SS) gengu vel.

##### FSA:

- Almennt var góð vinna lögð í undirbúning þessarar æfingar og lá mikill faglegur áhugi þar að baki.
- Móttaka á erlendum gestum fyrir æfingu, svo og öðrum gestum á meðan á æfingunni stóð, var til fyrirmyndar.

##### HAK:

- Áhugasamur hópur sem lagði sig eftir því að vera vel undirbúinn fyrir æfinguna.

### **Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:**

#### Slysstaður:

- Þrátt fyrir byrjunarörðugleika gekk vaktlækni og sjúkraflutningsmönnum vel að bráðaflokka og markvissara eftir að þeir skiptu liði. Einnig gekk vinna við sjúklinga mjög vel.
- Greiningarspjöldin voru vel notuð, allir flokkaðir og merktir.
- Þegar talningastjóra vantaði þá brást vaktlæknir skjótt við og bar sig upp við Björgunarstjóra.
- Eftir að björgunarsveitir voru komnir á vettvang leið skammur tími þar til allir sjúklingar höfðu hjá sér björgunarmann.

#### SSS:

- Öll meðferð, umönnun sjúklinga var til fyrirmyndar.
- Mjög góð samvinna var á milli aðhlyningastjóra og stjórnanda greiningarsveitar.
- Fjarskipti gengu vel við FSA, VS, AS og SS, með tvo fjarskiptamenn að störfum.
- Strax var brugðist við breyttu ástandi sjúklinga og þeir endurmetnir.
- Sjúklingum sem biðu áverkamats var vel sinnt þó þeir væru ekki komnir á sinn lit (rauður, gulur, grænn).

#### FSA:

- Hópslysaáætlun FSA er vel unnin, raunhæf og til fyrirmyndar.
- Stjórn og framkvæmd innan veggja FSA gekk vel og framganga starfsmanna lofsverð.
- Allar tillögur til úrbóta frá æfingunni AKUREYRI '98 voru bættar, (sbr. skýrslu um þá æfingu) – og meira til.
- Innra skipulag skurðstofu, gjörgæslu áberandi gott, svo og starfsemi á slysadeild.
- Öll fjarskipti gengu hnökralaust fyrir sig.

#### HAK:

- Gott flæði var í gegnum HAK, greining og meðferð sjúklinga gekk vel og brugðist var við óvæntum upþákomum.

## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
SSS uppsetning-akstursstýring-uppsetning merkinga- uppsetning akstursleiðbeininga.	Árni Birgisson Bjarni Sighvatsson

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Starfsmenn á flugvelli og æfingarstjórn / keyrslustjórn.

<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Á þaki flugstöðvar.

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
----------------------------------------------------------------------------------------

### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- ° Æfa þarf uppsetningu akstursmerkinga.
  - ° Halda þarf námskeið í áfallaviðbrögðum/áreiti fyrir starfsfólk á velli.
  - ° Kalla út alla flugumferðastjóra þegar æfingar eru haldnar.
  - ° Ruglingur var á farþegalistum fram til þess tíma er æfingin var hafin.
- Leggja þarf aukna áherslu á að tryggja með breyttum vinnubrögðum að sjúklingar mæti, þannig að ekki séu sífelldar breytingar á farþegalistum.
- ° Áreiti fjölmiðla svo og áreiti aðstandenda var nánast ekkert. Þessi liður skiptir miklu máli fyrir lausnaraðila. Ljóst er að breyta verður undirbúningi við öflun og undirbúning áður nefndra.

### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- ° Sú aðferð sem notuð var við uppsetningu akstursstýringar var of tímafrek. Merkingarnar voru góðar en dugað hefði að hafa þær einfaldari. Þegar borðar eru notaðir þá verða þeir að fergjast með einhverju þungu en ekki hengjast á keilur eða staura.
- ° Akstursstýring á braut hófst seint. Annar þeirra er ætlaði að annast stýringuna fékk skipun þess efnis að hann ætti að annast hliðvörslu inn á flugvallarsvæðið. Það er ljóst að oft myndi vera undirmannað á velli ef til slyss kæmi. Það er þannig matsatriði hvaða verkefni starfsmenn FMS velja sér af mörgum mögulegum. Í tilfalli sem þessu verður viðkomandi starfsmaður /starfsmenn að koma hliðstýringu sem allra fyrst á einhvern annan svo hefja megi akstursstýringu inn á brautir og um leið tryggja samskipti við turn.
- ° Nettar akstursmerkingar þurfa að vera til, þar sem einn maður gæti auðveldlega komið þeim upp.
- ° Útkallssírenu þarf að koma upp á fleiri stöðum á velli.
- ° Innanhúskallkerfi þarf að tengjast flugskýli FÍ.
- ° Tryggja þarf VHF sambandsrás milli turns og VS.

#### **4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

##### **Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:**

Undirbúningur var góður og fóru hlutirnir nánast algerlega eins og ráðgert hafði verið, en lausnarhraði verkefna ræðst af fjölda á vakt hverju sinni.

##### **Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:**

- ° Uppsetning SSS og BTB + M'OT gekk alveg samkvæmt bókinni.
- ° Akstursstýring (keilun) gekk heldur hægt en þegar hún var komin upp virkað hún fullkomlega.
- ° Akstursstýring inn á brautir gekk mjög vel.
- ° Samskipti akstursstýrenda við turn voru mjög góð.





## **Kafli 5**

### **Aðgerðarstjórn**



## Flugslysæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Aðgerðastjórn	Víðir Reynisson Hjálmar Björgvinsson

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Lögreglan á Akureyri, Slökkvilið Akureyrar, Heilsugæslan á Akureyri, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Akureyrardeild RKÍ, Svæðisstjórn björgunarsveita svæði 11.

### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Í aðgerðastjórnstöð

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Ekki er mikið að setja út á undirbúning aðgerðastjórnar, það væri þá helst að ekki gátu allir fulltrúar sótt námskeið sem haldið var í byrjun maí. Skýring á því gæti verið að fyrirvarinn var frekar skammur.

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Fjarskiptamenn hafi heimild til að svara einföldum atriðum. T.d. atriðum sem koma fram í aðgerðarskráningu og þeir geta lesið þar.
- Hlutverk stjórnanda og ritara hans voru stundum að skarast og nauðsynlegt að sú verkaskipting sé skýr.
- Þrátt fyrir kosti þess að aðskilja fjarskipti frá öðrum í aðgerðastjórn er hætta á að ákveði samskiptabil myndist á milli þessara aðila og upplýsingar og fyrirmæli séu of lengi á milli VS og AS, rétt væri að skoða hvort hurðin á milli ætti ekki að vera opin til að Framkvæmdir og fjarskiptamenn ættu auðveldara að fylgjast með því sem gerist í aðgerðastjórninni. Þegar notuð eru heyrnartól þá trufla fjarskiptin lítið. Annar í framkvæmdum var með hlustun á fjarskipti og hjálpaði það örugglega til.
- Aðgerðastjórnin lagði mikla vinnu í að skoða tölur og litaskiptingu, þetta kom í ljós að var óþarflega mikil vinna. Rétt er að þjálfun aðgerðastjórna taki mið af því kenna hvaða tölulegar upplýsingar af vettvangi skipta mestu máli og AS einbeiti sér að því og reyni ekki fyrir en í lok aðgerða „uppgjör“ á talningu.
- Rétt væri að athuga hvort kostur væri á heyrnartólum á alla síma.
- Nauðsynlegt er að ganga þannig frá tölum að hægt sé að senda tölvupóst frá þeim.
- Mikilvægt að samskipti manna á milli séu skýr og nákvæm t.d. þegar sendar eru beiðnir í gegnum Aðgerðastjórnann
- Ekki bærust upplýsingar frá Samhæfingarstöð til AS varðandi sjúkraflug frá Akureyri, þetta er atriði sem Samhæfingarstöð þarf að skoða.
- Í þessari æfingu var notað forritið Aðgerðastjórnann og flestir í aðgerðastjórn að nota það í fyrsta skipti í aðdraganda æfingarinnar. Nokkrir agnúar komu í ljós sem auðveldlega má sníða af með frekari æfingu.

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

##### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Allir lögðu sig fram við að læra það verklag sem þarf í tæknilega fullkoma stjórnstöð sem þessa og mikill munur var á vinnubrögðum á milli skrifborðsæfinganna og einnig í æfingunni sjálfri.

##### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Uppsetning á upplýsingum var myndræn, auðskiljanleg og veitti góða yfirsýn.
- Aðgerðarstjórnin var yfirveguð vinnan var markviss og fumlaus.
- Allir voru nokkuð vissir á sínum verkefnum og ekki mörg atryði sem vöfðust fyrir mönnum hver ætti að leysa.
- Tæknibúnaðurinn var vel nýttur og sannaði gildi sitt.
- Fjarskipti gengu vel

## Flugslysaæfing Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Áfallahjálpar/Sálgæsla	Margrét Blöndal, Guðrún Eggertsdóttir, Jóhann Thoroddsen.

2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni
FSA; áfallahjálparteymi., Rk , Kirkjan

3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?
FSA, SSA, Flugstöð, Fjöldahjálparstöð

4. Nefnið nokkur <u>atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</u>
----------------------------------------------------------------------------------------

### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Ekki gott að viðra leikara í matsalnum. Hefði átt að fara með "sjúklinga" beint í sérstaka aðstöðu. Klára þar viðrun og senda þá svo í matsalinn til að fá hressingu og þar til þeir yrðu sóttir. Teymið ætlaði að hafa það þannig í upphafi. Ráðgjafi hefði átt að koma því betur til skila og útskýra fyrir hópslysastjórn tilganginn með viðrun leikara og að teymið fengi að stjórna því.
- Sumir leikarar of ungir. Hafa ekki þroska til að taka þátt sem sjúklingar eða aðstandendur. Eru að mörgu leyti í erfiðasta hlutverkinu og eiga erfitt með að setja sig í hlutverk. Tillaga að kirkjan og Rk (heimamanna) taki að sér að finna leikara í aðstandendahlutverk.
- Áfallahjálparteymi FSA fékk ekki verkefni fyrir en kl. 15 því ekki náðist að tengja saman sjúklinga og aðstandendur fyrir æfingu.
- "Aðstandendur" sögðust myndu fara frekar heim til sín en að vera á SSA.
- Hefði þurft að fá utanaðkomandi hjálpar þvi prestarnir munu tæplega nýttast svo margir í raunveruleikanum á SSA og Fjöldahjálparstöð þegar svo margir eru látnir.
- Höfðakapella og Akureyrarkirkja þurfa að fá að vera með í svona æfingu til að æfa aðgerðir og helgisiði tengda hinum látnu. Hafa mætti skrifborðsæfingu presta og samráðshóps áfallahjálpar um það á æfingunni og setja inn í flugslysaáætlun Akureyrarflugvallar.
- (SSL þyrfti að vera í betra húsnæði).
- Boðleið var ekki notuð rétt – þ.e. farið var fram hjá aðgerðarstjórn þegar vantaði geð - sérfræðiaðstoð frá FSA fyrir einstakling á SSA.

### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Ekki var reynt að panta bjargir áfallahjálpar en til stóð að láta reyna á það á æfingunni.
- Hefði vantað meiri aðstoð á FSA og SSA. Áfallahjálparteymi FSA þyrfti að hafa aðgang að varamönnum.
- "Aðstandendum" og biðfarþegum var blandað saman á SSA.
- Teymi á FSA fannst það óþægilegt að geta ekki veitt aðstandendum upplýsingar um afdrif og ástand hinna slösuðu. Líklega er þetta mjög raunveruleg staða að geta ekki veitt aðstandendum upplýsingar.

## 5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

- Mátulega mikil fræðsla.
- Nauðsynlegt og gott að hafa fræðslutilboð fyrir aðra en tóku þátt í áfallahjálpinni þ.e. starfsfólk FSA.
- Hafði jákvæð áhrif hve veðrið var gott.

### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

- Lausnaraðilar kirkjunnar, Rauða krossins og áfallateymis FSA fundu greinilega að þeir voru að vinna einhuga að verkefninu áfallahjálpar – sál gæsla en ekki sem stofnanir.
- Mjög gott að hafa tengilið hópslysastjórnar við áfallahjálpar og tengilið FSA við SSA. Hann stjórnaði streymi til áfallateymis. Sá aðili er þarf að þekkja alla innviði FSA vel og hefði ekki getað verið betur valinn í þessu tilviki.
- Slysadeildin þantaði aðstoð áfallahjálpar vegna sjúklings sem var í andlegu losti.
- Gott að hafa eitt alrými á FSA og sérstaka aðstöðu fyrir þá sem þarf að tala við í einrúmi.
- Stjórnandi á FSA festi sig aldrei í aðhlyningu. Var í stjórnun og hafði yfirsýn.
- Tveir leikarar endurupplifðu slys sem þeir höfðu lent raunverulega í. Sögðust hafa fengið frábæra aðhlyningu áfallahjálpar frá viðbragðsaðilum frá vettvangi og að lokastöð.
- Mjög gott að hafa presta og djákna á SSA og Fjöldahjálparstöð.
- Allir prestar á Eyjafjarðarsvæðinu voru boðaðir. Hefði verið nóg af prestum fyrir áframhaldandi vinnu.
- Samskipti milli fulltrúa kirkjunnar í samráðshóp á SSA, fulltrúa Rk í samráðshóp og fulltrúa heilbrigðisþjónustunnar í samráðshóp á FSA voru æfð og gengu vel.
- Æft var að ná í kaþólska prestinn og það tókst.

## Flugslysæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Aðkoma björgunarsveita	Ingólfur Haraldsson

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Súlur Björgunarsveit, Hjálparveitin Dalbjörg, Björgunarsveitin Dalvík, Björgunarsveit Árskógsstrandar, Björgunarsveitin Tindur

### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Skaðasvæði, SSS, Aðgerðastjórn, Flugturn og biðsvæði Bjarga

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Ekki var öllum alveg ljóst í upphafi hlutverk sitt í fjarskiptaáætlun. Við hverja þeir ættu að hafa samband og hverjir ættu að hafa samband við þá.

Þó svo að kynning á fjarskiptaáætlun hafi verið góð, þá var hún flókin og ljóst að kynna hefði áætlunina betur. Tekur undirritaður það til sín og mun í framtíðinni setja björgunarsveitir betur inn í þau mál.

Það var frábært að sjá að á öllum stigum var unnið eftir SÁBF stjórnunarkerfinu. Gera verður öllum ljóst að stór hluti þess kerfis gengur út á sveiganleika og að allir passi sig að mál festist ekki í kerfinu.

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Áréttá má það við alla aðila að sætta sig ekki við það þegar e-ð stoppar fram úr hófi. Heldur reyna að hjálpa við að leysa úr vandamálinu.

Björgunarstjóra virtist ekki vera ljóst hvaða bjargir hann hefði yfir að ráða eða getu þeirra.

Mikið af björgunarsveitafólki hafði lítil sem engin verkefni til að byrja með þ.e. 30 - 60 mín.

Kynna þarf betur tækja- og mannskapskost sem er á svæðinu. Þar sem það er 90% vitað hvað kemur af tækjum og mannskap.

Þetta á við um alvöru atvik líka, þar er nauðsinlegt að allir viðbragðsaðilar viti hvaða bjargir eru í boði og getu þeirra.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Kynningarfundir fyrir æfinguna voru mjög góðir og hnitmiðaðir. Þeir sem á þá mættu voru betur undirbúnir og vissu hlutverk sitt og annara í æfingunni.

Skrifborðsæfingin deginum áður var mjög góð og slípuðust þar til nokkrir hlutir í stjórnunarhluta æfingarinnar.

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Margt fór mjög vel á þessari æfingu og erfitt að týna e-ð eitt út í því sambandi.

Þó má segja að fjarskiptaáætlun gekk vel þegar allar einingar hennar voru komnar í gang og agi björgunarsveita í fjarskiptum var góður.

Eftir að sjúklingar voru fluttir af skaðasvæði var 'rennsli' þeirra og meðhöndlun góð.

## Flugslysaevingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Fjöldahjálparstjórn Rauða kross Íslands/aðstandendur	Herdís Sigurjónsdóttir Guðný H. Björnsdóttir

### 2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Herdís Sigurjónsdóttir, verkefnisstjóri neyðarvarnir, neyðaraðstoð, fylgdist með í fjöldahjálparstjórn í fjöldahjálparstöð.  
Guðný H. Björnsdóttir, svæðisfulltrúi, vann með hópnum áfallahjálpar/sálgæsla, fylgdist með í flugstöð, söfnunarsvæði óslasaðra, heilsugæslustöð og á söfnunarsvæði aðstandenda.

### 3. Verkefni Rauða kross fólks, staðsetning og virkjun starfssvæða

- 20 Sjálfbóðaliðar Akureyrardeildar og Dalvíkurdeildar Rauða kross Íslands
- 2 Aðgerðastjórn almannavarna Eyjafjarðar
- 3 Samhæfingarstöð almannavarna í Reykjavík
- 2 1717 (Hjálparsíminn)

#### Fjöldahjálparstjórn

Staðsett í Viðjulundi 2. Fjöldahjálparstjórn byrjaði að starfa kl. 12:54 og lauk störfum kl. 16:20. Þar fór fram samhæfing fjöldahjálpar og samvinna við samstarfsaðila.

#### Fjöldahjálparstöð

Staðsett á sama stað og fjöldahjálparstjórn í Viðjulundi 2. Stöðin var opnuð kl. 12:54 og henni lokað kl. 16:20. Tekið var á móti 9 grænum eftir að þeir höfðu farið í nánari skoðun á heilsugæsluna (HAK) og voru 2 sameinaðir aðstandendum sínum í fjöldahjálparstöð.

#### Flugstöð

Rauða kross fólk fór á flugvöllinn til aðstoðar við flugvallarstarfsmenn vegna ungmönnunar aðstandenda og biðfarþega í flugstöð áður en hún var rýmd. Þeir fylgdu þeim í rútu á SSA.

#### Söfnunarsvæði aðstandenda

Staðsett í safnaðarheimili Glerárkirkju. Svæðið var opnað kl. 13:11 og komu þangað 5 aðstandendur sem óskuðu eftir upplýsingum um sína nánustu og 14 biðfarþegar. Á svæðinu fór fram umönnun aðstandenda og biðfarþega, upplýsingagjöf og samskipti við FSA og fjöldahjálparstjórn Rauða krossins vegna sameiningar fjölskyldna. Síðustu biðfarþegar og aðstandendur yfirgáfu svæðið kl. 15:34.

#### Söfnunarsvæði slasaðra (grænir - lítið slasaðir)

Rauði krossinn mættur á söfnunarsvæðið kl. 13:10 sem er staðsett á efri hæð í kaffistofu slökkviðliðs Akureyraflugvallar. Rauða kross fólk vann undir stjórn greiningarstjóra á söfnunarsvæðinu. Rauða kross fólk sá um umönnun grænna og ástandsgreiningu. Síðustu grænu voru fluttir frá svæðinu kl. 15:34.

#### Hjálparsíminn 1717

Staðsettur á Laugavegi 120 og er opinn allan sólahringinn. Lágmarksviðbúnaður var í æfingunni og var óskað eftir að ekki yrði vísað á símann í æfingunni.

#### Sahæfingarstöð almannavarna

Staðsett í Skógarhlíð 14 í Reykjavík. Fulltrúar landsskrifstofu Rauða krossins æfðu verkefni Rauða krossins, s.s. úrvinnslu skráningar.



#### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

##### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

##### **Öflun aðstandenda og biðfarþegar**

Í upphafi æfingardags voru aðeins 5 leikarar komnir í hlutverk aðstandenda, sem er ekki ásættanlegt ef æfa á hlutverk fjöldahjálpar á SSA og sameiningu fjölskylda. Þessu var bjargað með því að setja þá leikara sem ekki fengu hlutverk sem farþegar í hlutverk aðstandenda við lítinn fögnuð þeirra sjálfra. Í miðri æfingu kom í ljós að aðstandendur voru ekki tengdir við þá farþega sem í vélinni voru og því var ekki hægt að æfa sameiningu. Þessu var bjargað með því að fengnir voru leikarar á SSA til að leika aðstandendur farþega sem þegar var búið að greina.

- *Óheppilegt er að öflun leikara í hlutverk farþega og aðstandenda í æfingum sé á hendi sömu aðila. Öflun leikara og undirbúningur þeirra í hlutverk aðstandenda gæti verið samvinnuverkefni Rauða krossins og kirkjunnar.*

##### **Farþegalisti**

Farþegarlistinn var rangur í upphafi æfingar og var óljóst hver fjöldi farþega var og hverjir voru í flugvélinni, en skv. þeim lista sem kom til fjöldahjálparstjórnar voru sömu nöfn á biðfarþegum og farþegum, sem orsakaði rugling við úrvinnslu skráningar.

- *Mikilvægt er að nöfn farþega liggja fyrir í upphafi æfingar og væri hægt að gera það með því að hafa fyrirfram tilbúin nöfn á leikarana, sem jafnframt gæfi aukna möguleika til að setja aðstandendur í hlutverk, jafnt þá sem eru á staðnum og þá sem hringja og óska eftir upplýsingum.*

##### **Leikarar – bakskipulagsflutningur og viðrun**

Leikarar sem luku æfingu sinni á flugvelli áttu að fara í viðrun hjá prestum í Glerárkirkju. Flutningur á þeim leikurunum fléttaðist inn æfinguna.

- *Tryggja þarf að bakskipulag sé öllum hlutaðeigandi ljóst og að það fléttist ekki inn í verkþætti lausnaraðila í æfingum.*

##### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

##### **Samskipti milli aðgerðastjórnar og fjöldahjálparstjórnar**

Fjöldahjálparstjórn var hvorki í tölvusambandi né talstöðvasamskiptum við aðgerðastjórn og aðrar viðbragðsaðila á svæðinu.

- *Tryggja að Rauða kross rás 158,925 Mhz sé í talstöðvum annarra viðbragðseininga og að skipulag sé samræmt og æft.*
- *Gera ráð fyrir tölvusamskiptum fyrir Rauða kross fulltrúa í aðgerðastjórn.*

##### **SSÓ (kaffistofa slökkviliðsins á Akureyrarflugvelli á efri hæð)**

Svæðið sem ætlað er í SSÓ er þröngt og óhentugt.

- *Kanna þarf hvort hægt sé að fá annað svæði fyrir SSÓ*

##### **Ósk um heilbrigðisþjónustu í fjöldahjálpar**

Fyrir æfinguna lá fyrir að senda ætti græna á HAK áður en þeir færu í fjöldahjálparstöð og því óskaði stjórnandi á SSA eftir aðstoð þaðan en ekki frá FSA vegna "dofins" aðstandenda.

- *Setja inn í neyðaráætlun hvert leita á eftir heilbrigðisþjónustu á starfssvæðum fjöldahjálpar.*

##### **Afþreying á SSA og SSÓ**

Var það mál manna að gott hefði verið að hafa meiri afþreyingu fyrir þá sem biðu á SSA/SSÓ.

- *gera þarf ráðstafanir með að útvega einhverja afþreyingu á SSA og SSÓ.*

##### **Flutningur á grænum frá HAK í fjöldahjálparstöð**

Ekki gekk nægilega vel að flytja græna frá HAK í fjöldahjálparstöð, sem gæti hafa skapast af því að ekki var búið að setja inn í áætlun hvaða skipulag ætti að viðhafa í flutningunum.

- *Í áætlun þarf að gera þarf ráð fyrir flutningum á þolendum (grænum) utan vettvangs*

## **5. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

### **Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:**

#### **Þátttaka deildafólks og fræðsla**

Góð þátttaka var frá Rauða kross deildum í undirbúningi og æfingu. Ágætlega var mætt á þá fræðslufundi og námskeið sem haldnir voru gagnert vegna æfingarinnar.

Akureyrardeild hélt námskeið í sálrænni og almennri skyndihjálpi, auk þess sem ráðgjafar voru með fræðslukvöld fyrir sjálfbóðaliða.

Æfing sem þessi leiðir til aukinnar vitundar allra viðbragðsaðila á hlutverki þeirra, mannaflapörf, lykilstöðum, sem og verkefnum og mikilvægi annarra viðbragðsaðila.

#### **Leikur aðstandenda**

Margrét Blöndal hélt utan um undirbúning þeirra sem léku aðstandendur sem er lykillinn að góðri æfingu. Búið var að skrifa hlutverk fyrir aðstandendur sem léku af mikilli innlifun.

#### **Samráðshópur um áfallahjálpi**

Í æfingunni var starfandi samráðshópur um áfallahjálpi sem í voru fulltrúi frá heilbrigðisþjónustu, prestum og Rauða krossinum. Fulltrúi Rauða krossins var stjórnandi á söfnunarsvæði aðstandenda. Undirbúningur þessa hóps var nokkur og þrátt fyrir að þessi hópur sér nýr var hlutverk samstarfsaðila í samráðinu skýrt og samstarf gott.

### **Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:**

#### **Samvinna innan fjöldahjálpar**

Fjöldahjálparstjórn gekk vel að fylgjast með flæði síns fólks og var góð samvinna milli stjórnenda innan fjöldahjálpar.

#### **Samvinna við aðgerðastjórn og samhfingarstöð almanna**

Samvinna gekk vel við fulltrúa í aðgerðastjórn og eins við fulltrúa Rauða krossins í samhfingarstöð.

#### **Söfnunarsvæði aðstandenda í Glerárkirkju**

Vinna á SSA gekk almennt vel og gekk sérstaklega vel að koma upplýsingum til aðstandenda þegar þær bárust og var sérstök ánægja með þátt presta í þeirri vinnu.

#### **Sameining fjölskylda á sjúkrahús og í fjöldahjálparstöð**

Samvinna söfnunarsvæðis aðstandenda við sjúkrahús og fjöldahjálparstöð gekk vel er varðar sameiningu fjölskylda. 6 aðstandendur fóru af SSA á sjúkrahúsið og 2 fóru í fjöldahjálparstöð í fylgd Rauða kross fólks.

#### **Bílstjóri Rauða krossins**

Rauði krossinn var með bíl til afnota í fjöldahjálpinni í æfingunni sem verður gert í raunveruleikanum. Bíllinn var notaður til að flytja sjálfbóðaliða og bjargir milli svæða.

- *gera þarf ráð fyrir bíl í neyðaráætlun Rauða kross deildarinnar í framtíðinni.*

#### **Söfnunarsvæði óslasaðra**

Stjórn og vinna á söfnunarsvæði óslasaðra gekk vel. Vinna sjálfbóðaliða gekk vel, og reyndi á skyndihjálparþekkingu þeirra sem þar unnu. Sjálfbóðaliðar Rauða krossins sáu um endurmat á ástandi þeirra sem höfðu verið greindir grænir og gekk sú vinna vel.

- *Tryggja þarf aukna þjálfun Rauða kross fólks í bráðaflokkunarkerfinu.*

## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Fjölmiðlar	Heimir Már Pétursson

<b>2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni</b>
Skrifstofa flugmálastjóra

<b>3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?</b>
Á ferð með VIP gesti

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
----------------------------------------------------------------------------------------

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

HMP gat ekki sinnt fjölmiðlum mikið eftir að æfingin hófst, þar sem hann var upptekinn með VIP gestum.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis

--

<b>4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.</b>
----------------------------------------------

Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fulltrúar allra fjölmiðla á Akureyri, nema Fréttablaðsins sem ekki náðist í, komu á undirbúningsfund kl. 11:00 á laugardeginum. Þar var þeim skýrt frá hvernig æfingin færi fram og þeim úthlutað vestum til aðgreiningar.

Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Sérstakur fulltrúi frá Björgunarsveitunum sá um að lóðsa fjölmiðlafólk inn og út af vettvangi og gekk það vel fyrir sig.

## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Fjarskipti	Jónína Sigurðardóttir Jónbjörn Bogason

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Allar

### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Fórum á milli allra starfstöðva

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Fjarskiptaskipulag var í grunnatriðum tilbúið því sami grunnur hefur verið notaður við fyrri flugslysaæfingar. Heimamenn hefðu mátt fyrr vera búnir að setja inn hvaða VHF rásir þeir ætluðu að nota og hverjir væru verkþáttastjórar.

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Best hefði verið að öll fjarskipti hefðu farið fram í Tetra fjarskiptakerfinu. Það hefði einfaldað allt skipulag fjarskipta og gert það skilvirkara. Margt getur misfarist þegar notuð eru tvö óskyld fjarskiptakerfi. Þeir verkþáttstjórar sem höfðu með sér fjarskiptamann gengu vel að koma frá sér upplýsingum sem sýnir að þeir geta ekki bæði verið að stjórna sínum einingum og sinnt fjarskiptum í leiðinni. T.d. aðhlyningarstjóri hafði með sér fjarskiptamann og gat því stjórnað í friði en samt komið frá sér upplýsinum. Björgunarstjóri hafði ekki sérstakan fjarskiptamann og komu takmarkaðar upplýsingar frá honum sérstaklega í byrjun æfingar. Þeir sem voru staddir innandyra sérstaklega í SSÓ voru sambandslausir í VHF. Menn voru misjafnlega vel að sér að tala í talstöð og var það helsta ástæðan fyrir því að illa heyrir í mönnum.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Samskipti gengu vel við alla aðila sem að æfingunni komu og góður skilningur er á því að menn verði að vinna saman að svona stóru verkefni

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Fjarskiptin gengu vel. Engir hnökkrar eða truflanir voru í Tetra kerfinu og samband mjög gott hvar sem menn voru staddir. VHF var í lagi og samband gott utandyra. Þetta sýnir nauðsyn þess að notað sé eitt fjarskiptakerfi við slíkar aðstæður. VHF kerfið verður til staðar um ókomin ár og nýttist þess vegna við vinnu smærri hópa á afmörkuðum vettvang

## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Rannsóknir	Þorkell Ágústsson - RNF

### 2. Hvaða starfseiningar unnu að þessum verkþætti/verkefni

Rannsóknarlogreglan á Akureyri og Rannsóknarnefnd Flugsslysa

### 3. Hvar var viðkomandi ráðgjafi staddur á meðan á æfingu stóð?

Á vettvangi

### 4. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

RLA fór seint af stað í undirbúningi og fór ekki almennilega í gang fyrir en tveim dögum fyrir æfingu.

*Ráðgjafi rannsóknaraðila (í þessu tilfalli RNF) þarf að fara fyrir af stað með að hóla saman rannsóknarmönnum sem koma að æfingunni.*

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

RLA fékk ekki boðun í bakvaktarsíma.

*Setja þarf bakvaktarnúmer Rannsóknarlogreglunnar á Akureyri á gátlista Neyðarlínunnar og Flugstjórnar.*

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

#### Undirbúnings- eða æfingarlegs eðlis:

Upplýsingar um mikilvægi rannsóknarpáttarins virtust hafa skilað sér til þeirra sem komu að björgunarþættinum. Ekki var hreyft við neinu, hvorki hlutum né látnum einstaklingum, án þess að gefa því gaum og koma þeim upplýsingum til rannsóknarmanna.

Tilkynning frá rannsóknarmanni RNF á vettvangi til annarra nefndarmanna utan vettvangs, með aðstoð Neyðarlínunnar, gekk vel á há-álagstíma.

#### Framkvæmdar- eða úrlausnarlegs eðlis:

Leitarmenn brugðust rétt við eftir að hafa fundið grunsamlegan hlut, þ.e. tilkynntu strax um fundinn og létu hlutinn liggja óhreyfðan þar til RLA og RNF komu að honum.



## **Kafli 6**

### **Skýrslur lausnaraðila**





## Flugslysaæfing Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar</b>
Aðgerðastjórnstöð	Daníel Guðjónsson

<b>2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?</b>
Stjórnun aðgerða í aðgerðarstjórnstöð

<b>3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.</b>
----------------------------------------------------------------------------------------

Við stjórnun aðgerða í þessari æfingu var í fyrsta skipti virkjuð ný aðgerðarstjórnstöð í lögreglustöðinni við Þórunnarstræti. Notaður var hugbúnaðurinn "Aðgerðarstjóri" til stjórnunar m.a. til að skipuleggja og æfa ný vinnubrögð við stjórnun aðgerða. Þá var þetta fyrsta æfing nýskipaðrar aðgerðarstjórnar Almannaávarna Eyjafjarðar.

Skipulag var þannig að virkjuð voru tvö fjarskiptaborð varastjórnstöðvar Fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar sem sáu um öll fjarskipti við vettvangsstjóra og skráðu beiðnir og upplýsingar í Aðgerðarstjórnann og sendu til viðeigandi starfseininga í aðgerðarstjórnstöðinni. Í aðgerðarstjórnstöðinni var unnið eftir SÁBF kerfi og hafði hver hlutverkaaðili sér starfsstöð til að vinna að úrlausn þeirra mála sem undir hann heyrðu. Þá voru notaðir skjávarpar til að varpa kortum og mikilvægum upplýsingum á vegg til glöggvunar.

Í heild gekk stjórnun aðgerða vel og raunar betur en búast mátti við miðað við að allir voru að vinna í nýju umhverfi í fyrsta skipti. Það sem einkum þarf að huga að er að breyta Aðgerðarstjóranum á þann hátt að hann virki bæði fyrir Akureyri og Skógarhlíð og þannig að hægt sé að vinna á aðgengilegan hátt á báðum stöðum í sömu aðgerð. Með því væri t.d. hægt að stýra aðgerðum í upphafi frá Skógarhlíð (FML) meðan menn væru að koma til starfa á Akureyri og nýta þannig í upphafi allan slagkraft viðbragðsaðila sem væru á vakt, lögreglu og slökkvilið, á vettvangi.

Þjálfar þarf aðgerðarstjórnina betur í Aðgerðarstjóranum og nauðsynlegt er að hún komi reglulega saman til æfinga.

Bæta þarf samskiptin við Samhæfingarstöðina í Skógarhlíð og verður það best gert með aðlögun Aðgerðarstjórans að þessum nýju þörfum.

Í ljós kom að sýna þarf vettvangsstjóra þolinmæði og vera ekki með of mikla pressu um upplýsingagjöf. Þá mátti hafa sig allan við að fylgjast með beiðnakerfi Aðgerðarstjórans sem m.a. stafaði af reynsluleysi. Þá reyndist nauðsynlegt að aðgerðarstjóri og vettvangsstjóri töluðu saman milliliðalaust til að bera saman bækur sínar.

Þrátt fyrir formlegt og ágætt fjarskiptaskipulag reyndist til bóta að nota síma þegar við átti en sé það gert er nauðsynlegt er að allar mikilvægar ákvarðanir séu skráðar í atburðaskrá svo það liggja fyrir.

Þá kom í ljós að munnleg beiðni til fjarskiptamanna gleymdist og ber að árétta að slíkum beiðnum er jafnframt nauðsynlegt að fylgja eftir með skriflegri beiðni.

Fjarskiptaskipulagið gekk í heildina upp. Þó kom í ljós viss vandkvæði á því að vera með bæði tetra og VHF kerfi. Þá var vettvangsstjórnarbill ekki með, eða hlustaði ekki á, VHF rás 5 sem er sú rás sem björgunarsveitir eiga að tilkynna sig á vettvang til vettvangsstjóra. Olli þetta óþarfa hnökur. Þá reyndist tetralastöð björgunarstjóra straumlaus og tók tíma að koma til hans annrri stöð. VHF samskipti flugturns við vettvangsstjóra á VHF rás 13 reyndust sömuleiðis ekki fyrir hendi.

Í mínum huga þarf að vinna bráðan bug á því að allir viðbragðsaðilar hafi möguleika á tetrafjarskiptum og ennfremur verður vettvangsstjórnstöð jafnframt að hafa yfir að ráða öllum VHF rásum sem viðbragðsaðilum hefur verið úthlutað. Mikilvægt er að útbreiðslu tetrakerfisins verði hraðað sem kostur er

Þá er það forgangsatriði fyrir viðbragðsaðila að fá sérútbúinn vettvangsstjórnarbill í umdæmið.

Hér á eftir eru nokkrar ábendingar um það sem betur mátti fara frá hverri starfseiningu í aðgerðarstjórninni fyrir sig.

### **Fjarskipti:**

Fjarskiptin voru í höndum tveggja lögreglumanna.

Mikið álag var á þeim og fannst þeim að þeir hefðu þurft að hafa þriðja manninn sér til aðstoðar til að hjálpa sér við að hafa yfirsýn yfir það sem var í gangi. Nokkur vandamál komu upp í beiðnakerfi Aðgerðarstjórans sem verkaði truflandi á þá og skýrist að hluta af reynsluleysi. Þá komust munnleg skilaboð ekki til skila þar sem þeim var ekki fylgt eftir með beiðni í Aðgerðarstjóranum. Einhver fleiri skilaboð týndust einnig í kerfinu. Með tilkomu tetrakerfisins og Aðgerðarstjóranum er kominn möguleiki á að fá aðstoð við fjarskipti beint frá FML. Þegar embættið hér er komið í þjónustu FML nú á næstunni má gera ráð fyrir að fyrstu aðgerðum verði í raun stýrt þaðan.

#### Áætlanir:

Um þær sáu fulltrúi Akureyrarbæjar og varafulltrúi RKÍ þær fengu það hlutverk að útvega farþegalista og halda utan um talningu og feril fórnarlamba í kerfinu. Erfiðlega gekk að fá staðfestan farþegalista en þau vandamál tengdust ekki aðgerðarstjórninni sem slíkri. Hinsvegar kom í ljós að ógjörningur var að fylgjast með fjölda fórnarlamba í gegnum æfingarferilinn og niðurstaðan sú að leggja ekki of mikla vinnu í það heldur láta fyrstu og síðustu tölur nægja.

#### Bjargir:

Bjargir voru í höndum fulltrúa svæðisstjórnar björgunarsveita og komu frá Súlum. Þeir fundu fyrst og fremst fyrir því að þá vantaði meiri æfingu í Aðgerðarstjóranum en starfsaðstaða og fyrirkomulag í lagi.

#### Framkvæmdir:

Þær voru í höndum Slökkviliðsins á Akureyri. Undir þá heyrðu m.a. sjúkraflutningsmálin úr héraði sem ekki gengu upp og skrifast það á Samhæfingarstöðina í Skógarhlíð. Þá hefðu upplýsingar úr bráðaflokkun komið seint sem hefði valdið óþarflega mörgum fyrirspurnum um gang mála.

#### Heilsugæslan:

Tveir læknar frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri sáu um þann málaflokk sem heyrði undir framkvæmdir. Þeir fundu sárlega fyrir æfingaleysi í aðgerðarstjóranum og kvörtuðu undan slæmum samskiptum við björgunarmiðstöðina í Skógarhlíð. Þeirra niðurstöður fara hér á eftir:

1. **Boðunarkerfi er ótryggt** nema hinn boðaði svari. Það er ekki sjálfgefið að hann sé með símann á sér. Gæti jafnvel hafa stillt hann á SILENT
2. **Talningarstjóri kom seint til starfa.** Bráðaflokkunarlæknir kom ekki tölum frá sér; fann ekki talningarstjóra og færði björgunarstjóra upplýsingar, en hann tvítaldi á tímabili eftir talstöðvarsamband við sjúkraflutningsmenn í bráðaflokkun.
3. **Skipulag bráðaflokkunar laust í rásinni.** Sjúkraflutningsmenn töldu sig eiga að fylgja vaktlækninum í teymi en sakir stærðar svæðisis sáu þeir fljótlega að hentugra væri að skipta liði.
4. **Forgangsröðun við flutning af slysstað ekki virk.** Við flutning slasaðra til SSS var þess ekki gætt sem skyldi að taka rauða á undan gulum (óljóst hvort um sjúkraflutningsmenn eða björgunarsveitarmenn var að ræða). Því er hætta á að rauðir týnist á stóru svæði.
5. **Sjúkraflugsveit FSA var ekki kölluð út.** Þetta verður að skrifast á reikning samhæfingarstöðvar.
6. **Samskipti við samhæfingarstöð virkuðu illa.** Ástæðan gæti verið sú að þau fóru mestan part gegnum aðgerðarstjóraforritið en ekki með símtölum.
7. **Upplýsingar um sjúkraflug bárust seint og illa.** Tímasetning hefði komið sér vel fyrir FSA, sem þá hefði getað skipulagt vinnu sína öðruvísi. Þarna er samhæfingarstöð gagnrýni verð.
8. **Samhæfingarstöð tók ekki eftir beiðni um þyrlu.** Segist ekki hafa fengið hana en upplýsingar um beiðnina eru samt í loggbókinni.
9. **Fjarskipti voru óþægilegur milliliður** vegna þess að sú milliganga tók of langan tíma og var ekki gagnvirk. Það reyndist miklu heppilegra að hringja beint í aðila á vettvangi, því þá fékk maður svör strax og vissi að þeir höfðu fengið boðin.
10. **Fjarskipti komu ekki áleiðis ósk um bráðaflutning** frá HAK til FSA fyrr en eftir dúk og disk. HAK beið í 45 mínútur með sjúkling, sem þurfti á meðan að blása í lofti. Munnlegar óskir aðgerðarstjórnar þurfti að ítreka.
11. **Upplýsingar um nöfn sjúklinga í sjúkraflugi fengust ekki.** Ósk kom frá FSA um

þetta.

12. **FSA og HAK hefðu getað annað meiru.** Samskipti mín við þessa aðila og greiningarsveit gengu afar vel með símtölum.
13. **Gulir voru sendir á HAK** en voru merktir grænir. Þarna var m.a. um að ræða fótbot, sem eðli málsins samkvæmt gæti ekki hafa gengið.”

Niðurstaða mín er sú að lækna í aðgerðarstjórnstöð eigi að geta gefið sig allan að faglegum málum og eigi ekki að þurfa að kljást við framandi tölvuumhverfi. Lausnin myndi vera sú að þeir tækju með sér ritara sem væri vanur tölvumaður.

#### **Rauði krossinn:**

Fulltrúi Rauða krossins kvartaði undan óskýrum skilaboðum og að hafa ekki aðgang að tölvupósti. Þá hefðu verið gott að hafa heyrnartól á símunum. Þessi atriði ætti að vera auðvelt að laga.

#### **4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Í heild fór tókst æfingin vel. Hið nýja umferfi í aðgerðarstjórnstöð stóð undir væntingum og er í raun bylting frá gamla almannavarnarbyrginu sem áður var notað. Vinnuaðstaða allra er góð og hægt er að virkja fleiri rými í lögreglustöðinni ef á þarf að halda.

Mjög gott var að geta varpað mynd af flugvallarsvæðinu úr gagnagrunni Neyðarlínunnar á vegg og hafa fórnarlambaskráningu í Exel til hliðar. Þá var reyndist gott að geta varpað loggi á vegg með öðrum skjávarpa.

Notað var boðunarkerfi Neyðarlínunnar til að boða aðgerðarstjórnina og lögregluna. Tókst það vel og er algjör bylting miðað við það sem áður var er hringja þurfti í hvern og einn sem boða þurfti.

Aðgerðir lögreglunnar gengu almennt vel og hnökralaust fyrir sig og dagleg stjórn lögreglunnar og verkefni fóru ekki úr skorðum. Þó þarf að bæta við einni tetratalstöð í herbergi varðstjóra svo hægt sé að stjórna daglegum lögreglustörfum án þess að það trufli störf fjarskiptamanna í stjórnstöð.

Í lokin þá sýndi þessi æfing að mínum dómi fram á mikinn björgunarmátt viðbragðsaðila og öflugra sjúkra- og neyðarþjónustu á Eyjafjarðarsvæðinu.

Daníel Guðjónsson  
yfirlögregluþjónn.

## Flugslysaæfing Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Vettvangsstjórn	Jóhannes Sigfússon Ingimar Eydal Magnús Arnarsson Þengill Ásgrímsson

### 2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Vettvangsstjórn – Stjórnun (Jóhannes + fjarskipti við AS), Áætlun (Magnús + fjarskipti við verkþáttastjóra), Bjargir (Þengill), Framkvæmd (Ingimar).

### 3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Hér er tæpt á nokkrum atriðum sem ofangreindir aðilar tóku saman á fundi þann 29.05.2005. Unnið var út frá því að verkþáttastjórnir fjórir skiluðu hver sinni skýrslu.

-----ooOoo-----

Fjarskipti við flugturn voru með síma. Flugturn þyrfti að hafa TETRA stöð. Vettvangsstjóri hafði samband við flugturn með síma á leið á vettvang og svo hafði VS (Þengill) tvisvar eða þrisvar símasamband við flugturn meðan á æfingu stóð (vegna rýmingar brautar).

Vettvangsstjóra fórst fyrir að tryggja VHF samskipti við verkþáttastjóra í upphafi æfingar, þannig að þeir gætu tilkynnt sig inn áður en þeir fengu TETRA handstöðvar. Skýringin er sú að vettvangsstjóri kunni ekki utanað gátlista vegna neyðarskipulags hinna ýmsu viðbragðsaðila og taldi að verkþáttastjórar myndu melda sig inn með TETRA fjarskiptum. Það athugast einnig að vettvangsstjóri frá lögreglu hefur alla jafnan ekki VHF fjarskiptabúnað í upphafi aðgerða.

Fyrstu upplýsingar um fjölda slasaðra þóttu lengi að berast en á því er skýring. Frá upphafi lá fyrir að þarna fórst flugvél með yfir 50 persónum innanborðs. Þær upplýsingar einar og sér hljóta að kalla á hámarks viðbúnað, hver svo sem flokkun slasaðra síðan verður.

Koma þyrfti talstöð til björgunarstjóra og annarra verkþáttastjóra og tók því nokkra stund að ná fjarskiptasambandi við þá. Björgunarstjóri þyrfti að vera búinn sams konar fjarskiptabúnaði og VS frá upphafi. Sama gildir vissulega um alla í VS.

Starfsmaður RNF hafði samband eftir örfáar mínútur og lét vita að flugstjóri hefði komist lífs af og að nú leitaði hann að ákveðnu stykki úr vélinni. RNF þarf að geyma svona nokkuð þar til björgun þolenda hefur farið fram.

Upplýsingar frá björgunarstjóra máttu vera skilmerkilegri t.d. hvenær var vettvangur tryggur og hvaða bjargir vantaði hann. 45 mín. eftir að við komum á vettvang tilkynnti innri lokun um 10 slasaða í eða við ána og þeir væru ekki búnir að fá greiningu. Frekari uppl. fengust ekki þrátt fyrir fyrirspurn 30 mín síðar. Enn 30 mín síðar var fyrirspurn ítrekuð og fékkst þá upplýst að verið var að flytja síðasta fórnarlamb af vettvangi. VS veltir fyrir sér hvort starf björgunarstjóra sé of umfangsmikið fyrir einn mann og þau fjarskipti sem honum eru fólgin séu of flókin. Lagt er til að björgunarstjóri hafi aðstoðarmann, líkt og aðhlyningastjóri.

Talsverð tvíræðni var í farþegalistanum með því að ekki var ljóst hvort búíð var að strika fólk út eða ekki. Strikað var yfir sum sætanúmerin en ekki nöfnin. AS hefði getað fengið þessa hluti á hreint áður en listinn var sendur til VS.

Sumar beiðnir voru illa skilgreindar. Beðið var um teppi og mannskap án þess að fjöldi eða magn væri skilgreint.

Upplýsingar bárust vettvangsstjórn, sem hefðu átt að fara aðra boðleið, s.s. að skurðstofur

væru tilbúnar á FSA og upplýsingar um stöðu á sjúkraflugi. Einnig fóru t.d. upplýsingar um lyf í gegn um fjarskipti frá aðhlyningastjóra til AS. Þetta hefði átt að afgreiða með síma.

Talsverð orka fór í að leita uppi áhöfn vélarinnar en AS hamaðist mjög á VS að fá þær upplýsingar. Áhöfn þarf að vera merkt eða auðkennd, eins og hún er að öllu jöfnu. Feill í handriti?

Stöðuskýrslur. Stöðuskýrsla var gefin strax eftir að rætt hafði verið við björgunarstjóra á vettvangi og aftur eftir 20 mínútur. Eftir því sem við varð komið voru gefnar upplýsingar um hvað búið væri að gera og hvað væri í gangi. VS hefði mátt vera ágengari við björgunarstjóra að afla frekari upplýsinga. Upplýsingar frá talningastjóra hefðu í meira mæli getað farið beint frá honum til AS. Vettvangsstjóri gaf aðgerðarstjóra tvisvar stöðuskýrslur gegnum síma.

Stöðufundur. VS hugleiddi að halda stöðufund með verkþáttastjórum en ákvað að fresta honum þar sem það mundi kosta dýrmætan tíma og aðgerðir virtust ganga vel. Framkvæmd (Ingimar) fór á slysstað til stuðnings við björgunarstjóra.

VS þurfti að sinna fjarskiptum á tveimur rásum. Þau fjarskipti sköruðust óhjákvæmilega og því erfitt að henda reiður á öllu því sem fram fór. Þar fyrir utan var hátalari fyrir aðra stöðina undir borði og yfirgnæfði hinn hátalarinn hann oft. Þetta skapaði einnig talsverð vandræði fyrir „loggarann“, sem þó skilaði sínu hlutverki með þryði.

Fjölmiðlar. VS var alveg laus við ágang fjölmiðlamanna. Það á e.t.v. betur heima undir liðnum „atriði sem fóru vel“, en hér reyndi ekki á hvernig VS hefði afgreitt slíkt. Um fjölmiðla hefur verið sagt að það þurfi að fódra hákarlana til að þeir éti mann ekki. Ekki verður undan því vikist við raunverulegar aðstæður að sinna fjölmiðlum og þrátt fyrir gífurlegt annríki hefði verið lærdómsríkt fyrir VS að reyna sig við að afgreiða þann þátt.

Notkun „Aðgerðarstjórans“. Sá sem tekur við fyrirspurn getur engu svarað beint. Hann þarf að senda fyrirspurnina frá sér og fær svo svar eftir mislangan tíma. Á meðan getur margt gerst. VS hefur enga möguleika á því að fylgjast fullkomlega með því hvaða fyrirspurnum hefur verið svarað. Verkþáttastjóri sem sendir VS fyrirspurn sem er framsend AS bíður síðan og bíður eftir svári á meðan VS áttar sig ekki á því að fyrirspurninni er ekki svarað. Dæmi: FS bíður um auka mannafla og fær svar frá AS tæpri klukkustund síðar. Óskað var eftir upplýsingum um hvernig mætti ná sambandi við RNF en þær upplýsingar bárust ekki og VS var ekki í neinum tengslum við rannsóknarnefndina. VS þarf að hafa einhverja skráningu eða kerfi þannig að sjá megi á hverjum tíma hvaða erindum AS á eftir að svara.

Tilkynning aðgerðarloka á vettvangi hefði getað verið afdráttarlausari til verkþáttastjórana.

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

VS vann saman sem eitt teymi og aðilar voru duglegir að hafa samráð um hluti og miðla upplýsingum sín á milli. VS afgreiddi að meðaltali 1 erindi í fjarskiptum á rúmri mínútu í 3 klukkustundir!! Þrátt fyrir þetta voru menn rólegir og yfirvegaðir.

Þokkalegt fjarskiptasamband hélst við alla aðila eftir að því var komið á. Skilaboð voru almennt eins og þau eiga að vera - stutt og án málalenginga.

Talning gekk upp á endanum.

Rýma þurfti flugbraut í tvígang með skömmum fyrirvara. Rýming brautar gekk vel þrátt fyrir að slíkt hefði ekki verið æft á skrifborðsæfingum.

Allar lokanir gengu vel. Björgunarmenn rufu ytri lokun á einum stað til að komast að fórnarlömbum en ráðstafanir voru ekki gerðar til að fá gæslumann í það hlið.

Vettvangsstjórn er sammála um að í heildina hafi verkþáttastjórar leyst störf sín af hendi með

miklum sóma. Allir unnu agað og spiluðu sitt hlutverk en ekki annarra.

Fjarskiptaáætlun og boðskiptaleiðir gengu í öllum meginatriðum upp (aðhlyningastjóri stundum í beinu sambandi við AS). Órtaði á óþolinmæði stundum, þannig að menn komu með fyrirspurn beint ofan í aðra fyrirspurn. Þetta er eðlilegt við aðstæður sem þessar en menn verða að „gíra sig niður“ og leyfa mönnum að klára sín erindi.

Nægar bjargir virtust vera fyrir hendi mest allan tímann. Vantaði aðeins á tímabili.

Æfingin skilaði miklum lærdómi um virkni SÁBF kerfisins.

Æfingin sýnir okkur að við höfum á að skipa öflugum liði fagmanna og sjálfboðaliða til að sinna stóráföllum og jafnframt öflugum heilbrigðisstofnunum.

## Flugslysaæfing Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Vettvangsstjóri	Jóhannes Sigfússon

Í undirbúningsferlinu fyrir flugslysaæfingu á Akureyri 28. maí 2005, komu fjölmörg atriði upp í hugann, sem varða aðstæður og viðbúnað hjá lögreglunni á Akureyri vegna hópslysa. Ég ætla að tæpa á nokkrum þeirra atriða hér.

Þótt æfð hafi verið viðbrögð við flugslysi er ljóst að annars konar hópslys af ýmsum toga geta orðið. Þar má t.d. líta til þess að umferð langferðabifreiða er mikil á okkar starfssvæði. Á næstu þremur mánuðum koma yfir 60 skemmtiferðaskip til Akureyrar og á þeim yfir 42.000 farþegar. Stór hópur þessara farþega fara í rútum yfir Víkurskarð og í Þingeyjarsýslu. Skipin sjálf geta strandað og komið upp í þeim eldur (maður þorir varla að hugsa til Scandinavian Star í þessu sambandi). Dalvík og Grímsey eru á jarðskjálftasvæðum, hópslys gæti orðið í Hlíðarfjalli og hópslys geta orðið í brunum t.d. í þjónustu- og umönnunarstofnunum, heimavistum og hótelum, skemmtistöðum, skólum og fjölbýlishúsum. Vinna viðbragðsaðila vegna hvers kyns hópslysa þarf að vera skipulögð og öguð en þar skiptir þjálfun í vettvangsstjórn og þekking á SÁBF kerfinu miklu máli. Viðbragðsáætlun vegna flugslysa er komin saman og gæti að mörgu leyti verið fyrirmynd að viðbragðsáætlunum vegna annarra slysa.

**Vettvangsstjórnstöð:** Þegar menn rýndu flugslysaæfingu sem haldin var á Akureyri 1998, kom fram að aðkallandi væri að fá færanlega stjórnstöð fyrir vettvangsstjórn. Sú stjórnstöð er í dag jafn fjarlæg og hún var þá. Nú þarf að slá í merina og láta verkin tala. Vel má ímynda sér að koma megi upp slíkri stjórnstöð með sameiginlegu átaki viðbragðsaðila á svæðinu sem hefðu þá sameiginlegan aðgang og not af henni og stæðu sameiginlega að kaupum og rekstri. Lögregla þarf á stjórnstöð að halda í stærri aðgerðum s.s. á útihátíðum og hestamannamótum, þar sem umsátursástand skapast, þar sem orðið hafa stór slys, á brunavettvangi og víðar. Í slíkri bifreið gæti einnig verið lokunarbúnaður sem grípa má til þegar um umfangsmiklar lokanir á svæðum er að ræða. Björgunarsveitir geta þurft á færanlegri stjórnstöð að halda við leitar- og björgunaraðgerðir og á hinum ýmsu æfingum. Slökkvilið getur á sama hátt haft not af færanlegri stjórnstöð við ýmis tækifæri. Eins og sjá má mundi stjórnstöðin nýtast þessum viðbragðsaðilum sameiginlega í stærri slysum, eins og því sem sett var á svið 28. maí sl.

Stærð stjórnstöðvarinnar, búnaður hennar og innrétting er auðvitaða allt frekara útfærsluatriði. Varðandi fjármögnun efast ég ekki um, að unnt væri að fá ýmis fyrirtæki og félög til að leggja hönd á plóginn, enda eru hér miklir almannahagsmunir undir. Hér vantar aðeins frumkvæði til að koma mönnum saman og ýta málinu úr vör en persónulega finnst mér eðlilegt að lögreglan hafi slíkt frumkvæði. Verði hugmyndir um fækkun og stækkun lögregluumdæma að veruleika, kemur af sjálfu sér að stjórnstöð af þessu tagi gæti þjónað öllu Norðurlandi.

**Fjarskipti:** Lögreglan á Akureyri hefur nýlega tekið upp TETRA fjarskiptakerfið. Á sama tíma voru allar VHF talstöðvar lagðar til hliðar, nema í aðgerðarstjórnstöð á lögreglustöðinni og í einni jeppabifreið. Þar með var búið að takmarka mjög samskiptamöguleika lögreglunnar við aðra viðbragðsaðila á svæðinu. Lögreglumaður á vettvangi getur ekki lengur í öllum tilvikum náð beinu talstöðvarsambandi við neina nema þá sem eru með TETRA og lögreglan á Akureyri er eini viðbragðsaðilinn á Norðurlandi sem er með TETRA. Hjá Landsbjörgu er starfandi fjarskiptanefnd og þar á bæ hefur sjónum f.o.f. verið beint að því að hlúa að núverandi VHF kerfi en ekki hefur verið horft til nýbreytni svo sem þess að taka upp TETRA kerfið. Viðbragðsaðilar hafa skilgreint tíðni fyrir rás nr. 5 sem sína samskiptarás (sameiginleg rás björgunarsveita). Á þessari rás hafa t.d. samskipti björgunarsveita, lögreglu og þyrlu Landhelgisgæslunnar farið fram og munu gera það í fyrirsjáanlegri framtíð. Eina breytingin er að lögreglan á Akureyri er ekki í fjarskiptasambandi við þessa aðila lengur nema í gegnum aðgerðarstjórnstöð á lögreglustöðinni. Lögreglumaður á vettvangi getur t.d. ekki verið í beinu talstöðvarsambandi við þyrlur LHG nema með VHF stöð (sem hann hefur ekki). Hitt er ljóst að þeir möguleikar sem TETRA kerfið býður upp á með skilgreiningu margra talhópa, mundu nýtast vel í samhæfðum aðgerðum margra hópa.

Í æfingunni 28. maí komu berlega fram vandræði sem skapast við það að viðbragðsaðilar eru með sitt hvort fjarskiptakerfið. Í upphafi aðgerða þurfti lögreglan að deila út TETRA handstöðvum til þeirra 8 aðila sem voru í vettvangsstjórn (9 með talningastjóra). Þetta tók tíma og orsakaði töf á því að lykilaðilar s.s. björgunarstjóri kæmist í samband við aðra í VS. Sumir þurftu síðan að vera með 2 og jafnvel 3 talstöðvar til að vera í samskiptum upp og niður í vinnuskipulaginu. Lögregla var fyrir æfinguna búin að fá lánaðar TETRA handstöðvar og tvöfalda þannig venjulegan viðbúnað sinn. Fjöldi handstöðva hrökk þó varla til. Við venjulegar aðstæður gerði lögregla vart meira en að búa sinn eigin mannskap TETRA handstöðvum. Það er því alveg ljóst að á meðan viðbragðsaðilar eru með sitt hvort kerfið, þarf að lána handstöðvar á milli aðila ef þeir eiga að geta talað saman. Það er jafn ljóst að við núverandi aðstæður eru fjarskiptamál langstærsti flöskuhálsinn ef SÁBF kerfið á að virka á Akureyri með mörgum viðbragðsaðilum. Gera þarf nýja fjarskiptaáætlun sem byggir á þeim fjarskiptabúnaði sem fyrir hendi er í héraðinu. Síðan þurfa forsvarsmenn viðbragðsaðila að stilla saman strengi sína og horfa til framtíðar og gæta þess að hafa ekki „rörasýn“ hver á sitt kerfi.

**Allir verða að þekkja kerfið:** Í drögum að kennsluriti Ríkislögreglustjórans í vettvangsstjórn kemur fram að til að SÁBF kerfið virki verði allir sem koma að vinnu við það að hafa þekkingu á því. Nú er það svo að aðeins 5-6 aðilar í 30 manna liði lögreglunnar á Akureyri hafa farið á vettvangsstjóranámskeið. Ég er þeirrar skoðunar að skipuleggja þurfi námskeið fyrir alla lögreglumenn í héraði í notkun SÁBF kerfisins. Aðrir viðbragðsaðilar geta sem best tekið þátt í slíkum námskeiðum eða haft sérnámskeið fyrir sig og síðan þarf að halda símenntunarnámskeið á tveggja ára fresti minnst. Við núverandi aðstæður er algjörlega undir hælinn lagt að alltaf séu til staðar lögreglumenn með næga þekkingu á SÁBF kerfinu til að taka að sér vettvangsstjórn.



**Æfingar:** Æfingin 28. maí sýndi svo ekki verður um villst að það er mjög nauðsynlegt að hafa reglulegar æfingar. Þeir sem starfa í vettvangsstjórn þurfa að stilla saman strengi sína en ekki er síður nauðsynlegt að þeir sem starfa í aðgerðarstjórn gangi ekki gruflandi að sínu hlutverki. Þar er bæði um að ræða aðkomu að þeim tölvubúnaði sem er í aðgerðarstjórn og ekki síður í þeim hugbúnaði sem unnið er með (Aðgerðarstjóranum). Ég get vel séð fyrir mér „þurræfingar“ – skrifborðsæfingar, t.d. á tveggja mánaða fresti þar sem koma saman vettvangsstjórn, aðgerðarstjórn og fjarskiptamenn. Þetta þurfa ekki að vera langdregnar æfingar og auðvelt að búa til hinar margvíslegustu aðstæður sem vinna þarf úr. Við sama tækifæri væri unnt að æfa boðunarkerfið sem stuðst er við. Reglulegar æfingar í notkun SÁBF skipulagsins eru nauðsynlegar öllum þeim sem eftir því þurfa að vinna.

**Aðgerðarstjórnin:** Skrifborðsæfingar sem haldnar voru á dögnum fyrir æfinguna 28. maí sýndu að ekki er sama hvernig „Aðgerðarstjórnin“ er notaður. Upplýsingar eiga það til að misfarast eða gleymast ef ekki er notað „beiðnakerfi“. Hvert erindi, upplýsingar, beiðni eða fyrirspurn þarf að vera beint á ákveðinn aðila en ekki eingöngu sent í sameiginlegan „loggbanka“. Notkun Aðgerðarstjórnar veldur því að vettvangsstjórn er ekki í beinu sambandi við aðila í aðgerðarstjórn og fær því að öllu jöfnu ekki viðbrögð við erindum sínum fyrr en eftir nokkra stund. Þetta slítur sundur samfelluna sem annars gæti verið í upplýsingastreymi og getur verið truflandi fyrir vettvangsstjórn. Kostir Aðgerðarstjórnar eru þó augljósir fyrir aðgerðarstjórn og þau vinnuskilyrði sem þar skapast og verða aðilar í vettvangsstjórn að skilja hvernig kerfið virkar og aðlaga sig að því. Enn og aftur kristallast því þörfin á reglulegum æfingum.

**Annað:** Æfingin 28. maí sýndi að embætti talningastjóra er nauðsynlegt. Meginhlutverk með talningu hlýtur að vera samanburður við farþegalista þannig að tryggt sé á endanum að öll fórnarlömb slyssins séu komin fram. Eðli málsins samkvæmt getur verið mjög vandamt að hafa fulla yfirsýn á hverjum tíma yfir það hve margir eru á hverjum viðkomustað og hvernig þeir eru flokkaðir. Fyrstu upplýsingar um fjölda þeirra sem flokkaðir eru RAUÐIR eru þó afar mikilvægar fyrir aðgerðarstjórn vegna viðbúnaðar á sjúkrastofnunum og þarf talningastjóri að hafa það í huga. Að öðru leyti vísast í skýrslu gæslustjóra um talningamálin.

Gert er ráð fyrir því að vettvangsstjórn haldi bæði stöðufundi og sendi stöðuskýrslur meðan á aðgerðum stendur. Þessi æfing sýndi að í „skammtímaaðgerðum“ sem þessari er afar erfitt að húa saman allri vettvangsstjórninni til slíkra fundarhalda. Stöðuskýrslur voru ekki sendar með formlegum hætti, heldur var reynt að senda upplýsingar jafnóðum síðan gaf vettvangsstjóri aðgerðarstjóra símaskýrslu í tvígang.

Vettvangsstjórnin er sammála um að hlutverk björgunarstjóra hafi verið ofhlaðið í þessari æfingu. Björgunarstjórnin þurfti að sinna miklum fjarskiptum, vera með puttana í talningu eftir frumgreiningu og svo auðvitað að skipuleggja og stjórna slökkviaðgerðum og björgun fórnarlamba. Afleiðingin er sú að upplýsingastreymi milli VS og björgunarstjóra var minna en VS hefði kosið. Lærdómurinn er að björgunarstjóri þarf, ekki síður en aðhlyningastjóri, að hafa með sér hjálparmann, sem getur sinnt

fjarskiptum og annarri liðveislu. Í æfingunni var málið leyst með því að sá sem hafði með Framkvæmdir að gera í VS, var úti á vettvangi til stuðnings við björgunarstjórnann.

Mér finnst æfingin þrátt fyrir allt hafa gengið vel og engin vandamál komu upp sem ekki var unnt að ráða fram úr. Ég hafði frábæra menn með mér í vettvangsstjórn og fullyrði að sú hljómsveit var öll að spila sama tónverkið. Mér reiknast til að VS hafi tekið við eða sent frá sér fjarskiptaboð að meðaltali á um 70 sek. fresti á þremur fyrstu klukkustundum æfingarinnar. Við þurftum ekkert að sinna fjölmiðlum á æfingunni en slíkt hefði verið gagnlegt fyrir okkur því vart verður undan því vikist við raunverulegar aðstæður og mikilvægt að menn standi klárir á því hvernig það er gert.

Víst er að æfingin hefur beint sjónum að viðbúnaði vegna stóraðgerða. Viðbragðsaðilar hafa farið í naflaskoðun hver í sínum ranni, endurnýjað og yfirfarið búnað sinn og byrjað að tileinka sér þann hugsunarhátt og vinnubrögð sem SÁBF kerfið byggir á. Það er búið að ýta úr vör og nú þarf að tryggja að róid sé áfram – jafnt á bæði borð.

Akureyri, 02.06.2005

Jóhannes Sigfússon, vettvangsstjóri

## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar</b>
Aðhlyningarstjóri	Jón Gudmund Knutsen

### 2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Söfnunarsvæði slasaðra.

### 3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

#### Fjarskipti:

Fjarskipti gengu í flestum tilfellum ágætlega en samt má minnst á nokkur atriði sem betur má fara. Tetra ,slys 3 samband við Samhæfingarstöðina í Skógarhlíð. Til hvers? Ég sé ekki að það þurfi að vera beint samband frá SSS í Samhæfingarstöðina. Þessar upplýsingar sem þeir þurfa að fá geta allveg farið í gegnum Aðgerðarstjórn. Vegna þessarar stöðvar þurfti annann fjarskiptamann með stjórnanda. Alger óþarfi.

Engin fjarskipti voru á milli SSS og SSÓ. Á að vera á einkarás Rauða Krossins. En engar talstövar komu þar sem talstöðvareignin er ekki mikil.

Að öðru leiti gengu fjarsk. vel en oft gekk erfiðlega að fá svör við spurnigum sem fóru frá SSS og verður það tíundað hér á eftir.

Nokkurn tíma tók að fá talstöðvar í SSS frá Lögreglu og var Aðhlyningarstjóri fjarskiptalaus til að byrja með. Einnig vantaði, báðum fjarskiptamönnum Aðhlyningarstjóra, talstöðvar til að byrja með. Þeir fóru á mis við Lögregluna sem átti að láta þá fá stöðvarnar.

#### Sjúkraflug:

Beðið var fljótlega um sjúkraflug til Reykjavíkur. Illa gekk að fá upplýsingar um flugið og þó sérstaklega hvað flugvélarnar tækju marga sjúklinga í ferð. Endaði það með því að maður var sendur hlaupandi út á flughlað til að kanna þessar upplýsingar.

Aldrei var beðið um menn eða búnað í sjúkraflug. Búnaður sjúkraflugsins er að hluta til þar sem SSS er staðsett.

Þyrla var aldrei melduð inn til SSS. Kom hún norður?

#### Greiningarsveit:

Beðið var um greiningarsveit frá Reykjavík og kom lítið að svörum þar um fyrr en sveitin var allt í einu komin og það án þess að nokkur vél hafði lent á flugvellingum. Við gerðum ráð fyrir því að vélin sem sveitin kæmi með gæti farið með sjúklinga til baka suður. Þegar sjúkraflugið fór loks í gang, fór greiningarsveitin með þeim sjúkl. suður.

#### Birgðir:

Beðið var um lyf, vökva og súrefni þegar liðin var ca. klukkustund af æfingunni. Illa gekk að fá svör um hvort það kæmi og hvenær. Löngu seinna komu upplýsingar um að birgðirnar kæmu kl. 14:40. En það kom aldrei neitt. Þarna hefði þurft að senda okkur eitthvað sem tákna átti þær birgðir sem við báðum um eða láta reyna á hvað til er af þessum hlutum á svæðinu.

#### Talning:

Ekki var talið formlega út úr SSS og SSÓ eins og gert var ráð fyrir í upphafi. Nauðsynlegt er að telja út þar vegna þess að ekki fara allir út í gegnum ytri lokun. T.d. þeir sem fara í sjúkraflug.

#### Látnir:

Þeir sem létust í ferlinu þ.e. í flutningum eða á söfnunarsvæðunum voru settir í SSL sem í þessu tilfelli er sandgeymsla FMS. Þetta húsnæði er engan vegin við hæfi að nota sem líkgeymslu og verður að finna annað húsnæði fyrir hina látnu. Hægt gæti t.d. verið að kalla út starfsfólk Höfðakapellu og það flytur líkin beint í kapelluna.

#### Heilbrigðisstarfsfólk:

Spurning hvort hægt sé að gera ráð fyrir að fleira starfsfólk FSA kæmi á SSS þangað til að þörf væri á því upp á FSA og gæti það því fylgt fyrstu sjúkl. upp á FSA og haldið sinni vinnu áfram þar?

#### Niðurlag:

Ekki margir eða stórkostlegir hnökrar en frábært ef hægt er að laga þá og bæta.

#### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Aðhlyningarstjóri.

Miðað var við að Aðhlyningarstjóri færi frá Slökkvistöð Ak. með fyrsta bíl og var hann tekinn til starfa kl. 12:40 að undirbúa greingarstöðina fyrir komu greiningarsveitar og sjúkl. í kjölfarið. Hann naut aðstoðar starfsmanns Flugfélags Íslands. Undirbúningur húsnæðis tók rétt rúmar 5 mín sem er góður tími. Húsnæðið hentar vel sem greiningarstöð. Góðar aðkomuleiðir sem og brottfararleiðir. Einnig er möguleiki á stækkun stöðvarinnar án mikillar fyrirhafnar. SSÓ er í sama húsnæði en upp á annari hæð og hefði mátt vera betra aðgengi fyrir þá sjúkl. En aðstaðan upp á annari hæð er góð. Þar sinnti fólk frá Rauða Krossinum "óslösuðum sjúkl." og gerði það vel. Frábært var að Rauði Krossinn gat skaffað heilbrigðistarfsfólk í sínar starfsstöðvar sem er mikill kostur.

Greiningarsveitin kom á svæðið kl. 12:50 og var fljót að koma sér fyrir og var allt klárt þegar fyrsti sjúkl. kom 13:02. Einnig voru komnir 15 björgunarsveitarmenn, frá Súlum og Dalbjörgu, fyrir komu fyrsta sjúkl.. Sett voru upp teymi til greininga og höfðu þau vel undan mest allann tímann. Björgunarsveitirnar skiluðu sínu mjög vel. Þessir 15 sem komu á SSS fóru í hin ýmsu verkefni og voru allir að skila góðu starfi. Þau voru í greiningu, talningu, fjarskiptum, birgðargæslu og umönnun slasaðra. Fjölhæft fólk sem ber að hrósa sérstaklega.

Greiningarsveit FSA vann vel og án allra hnökra og skilaði sínu verki 100%. Góð og yfirveguð skoðun á sjúkl. sem og leiðbeiningar um meðhöndlun voru góð og vönduð. Gaman að vinna með góðu og kláru fólki. Einnig kom áhöfn á dælubíl 210, 5 manns, frá Slökkviliði Ak. til aðstoðar í greiningu þegar þeirra verkefni var lokið á slysavettvangi. Þar kom fólk sem kann greinilega til verka og vann af öryggi. Samskipti við flutningsaðila voru góð í alla staði.

Fjarskipti gengu ágætlega þegar á heildina er litið. Sérstaklega samskipti við FSA.

Matur og drykkur var þantaður, af stjórnanda, fyrir 25 manns í greiningarstöð. Ekki var ætlast til að matur kæmi á staðinn. Það góða við það var að látið var líta út eins og maturinn kæmi á staðinn þ.e. tómir pizzukassar komu á staðinn í boði Rauða Krossins. Gott að fá vitneskju um að hlutirnir koma á staðinn.

Í heildina var undirritaður mjög ánægður með vinnu á greiningarstöð og tel að þessi æfing gefi góða mynd af vinnubrögðum og viðbúnaði ef til alvöru slyss muni koma.

Kveðja.

Jón Guðmund Knutsen,  
Aðhlyningarstjóri,  
Varðstjóri Slökkviliðs Akureyrar.

## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar</b>
Gæslustóri	Martha Óskarsdóttir

### 2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Gæslustjóri sinnti innri- og yrtri lokunum á vettvangi. Einnig var undir hans stjórn að sjá um talningamálin og var sérstökum aðila svonefndum Talningastjóra falið það verk. Talningastjóri hafði síðan með sér talningamenn á hverjum stað fyrir sig. Talið var á SLY-SSS-SSL-LP og í ytri lokun.

### 3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Í sambandi við innrilokunina þá vantaði að fá skýrt frá Björgunarstjóra hvenær að vettvangur var orðin tryggur til að fá mannskapinn sem átti að sinna gæslunni inn á vettvanginn. Hefði einnig mátt koma skýrar fram hvenær æfingunni var formlega lokið til að leysa upp þá pósta sem voru við störf.

Það þarf að liggja ljóst fyrir hvaða tölur Talningastjóri á að gefa upp til Aðgerðarstjórnar og hvaða tölur skipta aðalmáli upp á að ná utan um talninguna þannig að það komi ekki upp misskilningur í niðurstöðu talningarinnar.

Það þarf að koma skýrt fram til þeirra sem sjá um fylla út greiningarspjöldin að merkja á afrifurnar í hvaða lit viðkomandi var greindur. Þegar að farið var að fara yfir afrifurnar þá vantaði í nokkrum tilfellum að merkja litina inn á afrifurnar.

Það væri gott að útbúa sérblað fyrir talningastjóran sem að hann gæti fyllt út þegar hann fær tölur frá sínum talningamönnum. Þá er aðgengilegra að lesa úr tölum frá öllum á einu blaði.

Fjarskiptamálin voru í nokkuð góðu lagi, hefði þó verið gott að geta fylgst betur með Talningastjóranum en hann var með tvær rásir. Önnur sem hann var í beinu sambandi við Aðgerðarstjórn og Vettvangsstjórn og síðan aðra rás sem var vinnurás innan hóps Gæslustjórans. Þannig að Gæslustjóri gat ekkert fylgst með hvernig gekk að gefa upp tölur eða hvernig þau mál gengu upp í sambandi við Aðgerðar- og Vettvangsstjórn.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Ytri- og innrilokanir gengu mjög vel. Ekkert óvænt kom upp á þeim póstum. Mennt í innrilokunum voru mjög vakandi og fundu þó nokkuð af fólki sem var dreift um svæðið og hafði enn ekki fengið greiningu og bjargir.

Talningin heilt yfir gekk mjög vel. Sýndi sig að það er fullt starf fyrir einn mann að halda utan um talninguna. Talningastjórnin fór á milli þeirra aðila sem sáu um talninguna og hélt utan um allar tölur. Hann sá einnig um að koma upplýsingum til Aðgerðastjórnar með vissu millibili.

Talningamennirnir stóðu sig mjög vel og höfðu fullt vald á því sem þeir voru að gera - og eiga að fá hros fyrir sinn þátt.

Þegar lagðar voru saman lokatölur frá SLY-SSL-LP-Ytri-lokun, þá passaði sú tala við uppgefinn farþegalista. Mjög gott mál. Tilganginum var náð að láta þetta allt stemma.

## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Flutningsstjóri	Rúnar Jónsson

### 2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Móttöku bjarga, biðsvæði bjarga, biðsvæði tæka og búnaðar.

### 3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

- Fjarskipti virðast oft vera vandamál þegar margir viðbragðsaðilar eru að vinna saman og var þessi æfing engin undantekning frá því. Í skipulaginu er gert ráð fyrir að verkþáttastjórar tali sín á milli og við vettvangsstjóra á Tetra rás Neyð 1. Til að byrja með gekk erfiðlega fyrir þessa aðila að ná saman. Upp eru miklar efasemdir um að þetta komi til með að virka á meðan hvorki Slökkviliðið né björgunarsveitir eru með Tetra talstöðvar.
- Erfiðlega gekk að fá staðfestingu frá Björgunarstjóra um að vettvangurinn væri orðin tryggur og því varð töf á að senda björgunarlið með tæki og búnað á vettvang.
- Beiðni flutningsstjóra til vettvangstjórnar um fleiri björgunarmenn komst einhverra hluta vegna ekki til skila, þó beiðnin hafi verið ítrekuð eftir um tvær klst. Skoða þarf hvort ekki megi stytta boðleiðir og hvort flutningsstjóri geti ekki sent beiðni um tæki, búnað og mannafla beint til aðgerðarstjórnar.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

- Samvinna við aðra stjórnendur á vettvangi gekk mjög vel á æfingunni. Einnig var samvinna allra björgunarsveitanna til fyrirmyndar.
- Flutningsstjóri var með mann með sér til að sinna fjarskiptum að hluta til og koma í framkvæmd beiðnum um flutningstæki. Það er nauðsynlegt að stjórnendur hafi fjarskiptamann með sér þegar fjarskipti fara fram á fleiri en einni rás /kerfum.
- Æfingar og námskeið sem haldin voru vikurnar fyrir æfinguna sjálfa skiluðu góðum árangri.

## Flugslysaaefingin Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Slökkvilið Akureyrar	Ingimar Eydal

### Undirbúningur.

Formlegur undirbúningur hófst um mánaðarmót apríl-maí. Settar voru upp þrjár "litlar" flugslysaaefingar á flugvelli með um 7-8 sjúklingum í hvert sinn. Vaktirnar settu þessar aefingar upp hver fyrir aðra þannig að þátttakendur frá SA voru um 5-7 á hverri aefingu. FSA, Heilsugæslunni á Ak, Súlum og RKÍ var boðið að nýta sér þessar aefingar og voru FSA og Heilsugæslan með góða mætingu á allar aefingarnar en Súllur kom með mannskap á tvær aefingar og RKÍ Akureyri á eina. Aeft var aðkoma, slökkvistarf, bráðaflokkun, flutningar á SSS, uppsetning og starfræksla SSS ásamt fjarskiptum. Tókust þessar aefingar með ágætum og hafa örugglega skilað sér í betra samstarfi aðila og öruggari vinnubrögðum á stóru aefingunni.

### Dagar fyrir aefingu.

Miðvikudagskvöldið 25. maí var boðið upp á fræðslu á vegum ráðgjafa frá Landsspítala Háskólasjúkrahúsi með öllum sem komu að aefingunni, í húsnæði Súlna, björgunarveitarinnar á Akureyri. Þar mættu 10 frá SA.

Fimmtudagurinn 26. maí frá kl. 13-16 var síðan fræðsludagur í umsjón ráðgjafa frá SHS, Jóns Friðriks og Árna Ómars, þar sem þeir fóru í ýmislegt flugvallartengt efni.

Þar mættu 22 frá SA.

Föstudaginn 27. maí frá 13-16 var síðan farið yfir skipulagsmál aefingarinnar. Hlutverk okkar, hlutverk hvers og eins og einnig farið yfir ferli aefingarinnar og ýmis praktísk mál. Kl. 15 fóru stjórnendur á skrifborðsaefingar á lögreglustöð en aðrir fóru yfir búnað og fóru yfir hlutverk sín hver og einn. Þátttakendur voru 29.

### Aefingin sjálf.

Laugardaginn 28. maí var mætt kl. 10 og farið yfir lokayfirferð. Síðan borðuðu men saman hádegismat og voru komnir á flugvöll fyrir kl. 12.

Aefing hófst um 12:34 og voru menn og tæki kölluð inn í aefinguna m.v. áætlaðan útkallstíma. Flugvallarbíll (251) fór fyrstur með tveimur mönnum og var komin vel áleiðis með að slökkva fyrsta eldvettvang af þremur þegar næstu bílar komu. Vaktin í Árstíg kom næst á tveimur bílum, sjúkrahíll (201) og tankbíll (217), sem jafnframt er útbúinn fyrir flugvélaelda. Varðstjóri tók þá við stjórn slysstaðar (hér eftir nefndur Björgunarstjóri) og áhöfn sjúkrahíls á vakt sameinaðist heilsugæslulækni við bráðaflokkun sjúklinga á slysstað. Tankbíll (217) fór að eldvettvangi 2 og hóf slökkvistarf þar. Skömmu síðar kom áhöfn á dælubíll (210) með 5 manna áhöfn og hóf slökkvistarf við eldvettvang 3. Slökkvistarf gekk í heildina vel, öll tæki virkuðu eins og til var ætlast. Flugvallarbíll og 210 notuðu léttvatnsblöndu en 217 venjulega 3 % þungfroðu. Reyndar kom upp talsverður sinueldur við syðsta eldvettvang en hann slökkur með hjálp frá ráðgjafa.

Í kjölfarið komu síðan aðrir sjúkrahílar (202-203-204) ásamt fleiri slökkviliðsmönnum á lagnabíll (216), körfubíll (214) og þjónustubíll (212). Áhafnir sjúkrahíla fóru fyrst í að safna saman "grænum"sjúklingum og forða þeim af hættusvæði, tveir hópar slökkviliðsmanna tóku að sér klippuvinnu en klippuvinna var á tveimur stöðum. Tókst þessi vinna ágætlega og nýttust slökkviliðsmenn til aðhlyningar og flutningar á slösuðum eftir að slökkvi- og björgunarstörfum lauk. Almennt gengu þessi störf vel og skiluðu menn faglegru vinnu.

### Fjöldi og hlutverk manna frá Slökkvilið Akureyrar var sem hér segir:

Aðgerðarstjórn	2
Vettvangsstjórn	2
Björgunarstjóri	1
Aðhlyningarstjóri	1
Slökkviliðsmenn	16
Sjúkraflutningamenn	8
Á stöð	2

Atriði sem skoða þarf að mati SA:

Björgunarstjóri þarf örugglega meðstjórnanda og þarf að hafa eitthvað aðsetur t.d. bíl.

Fjarskipti, samræma þarf fjarskiptakerfi viðbragðsaðila og tryggja að aðilar nái saman við allar aðstæður.

Aðsetur vettvangsstjóra, viðbragðsaðilar þurfa að sameinast um að koma upp bíl til vettvangsstjórnar.

Sá bíll þarf að vera með vinnuáðstöðu fyrir 5 manns, öllum fjarskiptabúnaði, tölvubúnaði ásamt öðrum smærri búnaði. Honum þyrfti að fylgja rafstöð.

Aðhlyningarstjóri: Þarf að vera á hreinu frá hverjum hann kemur.

Að lokum smá tölfræði.

Samtals unnin aukavinna vegna æfingar:	476 tímar
Önnur vinna á vöktum og í dagvinnu vegna æfingar	300 tímar
Unnin aukavinna vegna undirbúningsæfinga	390 tímar
<u>Samtals</u>	<u>1166 tímar</u>

Akureyri 3. júní 2005.

---

Ingimar Eydal  
Aðstoðarslökkviliðsstjóri  
Slökkvilið Akureyrar



## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri - Hópslysastjórn	f.h. Þorvaldar Ingvarssonar, formanns hópslysastjórnar FSA/ÓT

### 2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Stjórnun og samhæfing á móttöku og meðferð slasaðra úr flugslysaæfingu á Akureyrarflugvelli 28. maí 2005

### 3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Slaðsaðri bárust ekki nógu hratt með tilliti til getu meðferðarteyma (11) á slysadeild og getu skurð-svæfinga- og gjörgæsludeilda, bráða legudeilda og myndgreiningadeilda. Ástæða er talin vera skortur á flutningsgetu frá slysstað/söfnunarstað slasaðra.

Læknir á sjúkraflugsvakt á FSA ekki kallaður út, þrátt fyrir sjúkraflug og beiðni um sjúkraflug frá hópslysastjórn.

Erfiðleikar í byrjun að tengja aðstandendur og slasaða við fyrirsurnir frá aðstandendum, þar sem fyrstu 7 sjúklingarnir (af 28 sem komu á FSA) voru aðeins auðkenndir með númeri greiningaspjalds. Farþegalisti var ekki gefinn út.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Að okkar mati gekk æfingin í alla staði mjög vel þ.e.:

- Virkjun hópslysaáætlunar FSA.
- Mönnun greiningarsveitar og teyma á slysadeild
- Stjórnun og samhæfing aðgerða á FSA
- Að fá vara blóð- og blóðhlutabirgðir frá Blóðbanka
- Að fá lækna og hjúkrunarfræðinga frá LSH til starfa og afleysinga
- Samvinna við aðrar starfseiningar æfingarinnar
- Fjarskipti á milli allra hópa og starfseininga.

## Flugslysæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

1. Starfseining	Skýrsluritari/ar
Áfallahjálp/sálgæsla	Ólafur Hergill Oddsson, Magnhildur Sigurðardóttir, Brynja Óskarsdóttir og Valgerður Valgarðsdóttir (fulltrúi fyrir trúarlega þjónustu á FSA)

### 2. Í hvaða verkþætti/verkþáttum vann viðkomandi starfseining?

Áfallahjálparteymi FSA

### 3. Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.

Hér vísast til ágætrar skýrslu Margrétar Blöndal, Guðrúnar Eggertsdóttur og Jóhanns Thoroddsen. Skýrsla þeirra, unnin af Margréti og Guðrúnu viðstöddum, í samvinnu og samráði við okkur í Áfallahjálparteymi FSA verður í raun okkar skýrsla.

Aðeins nokkur atriði til viðbótar:

Áfallahjálparteymið telur það vera ókost að sumir fastir fulltrúar fari sjálfkrafa yfir í önnur verkefni í hópslysi, dæmi, reyndur hjúkrunarfræðingur úr teyminu fer samkvæmt hópslysskipulaginu í verkefni á Slysadeild FSA, þar sem 80% starf hennar er þar. Þar með kemur hún ekkert að áfallahjálpi á meðan þjónusta vegna hópslyssins varir.

Ábendingar varðandi viðrun leikara koma fram í skýrslu Brynju Óskarsdóttur, en hennar skýrsla er send með.

Áfallahjálparteymið kallaði ekki fleiri út til hjálpar. Ef til vill hefði átt að gera það, þegar 5-6 aðstandendur voru komnir í einu í Kennslustofu FSA. Það var hins vegar mat formanns, ÓHO, á þeirri stundu, að málin væru í biðstöðu, það var beðið fréttu um ástand og afdrif hinna slösuðu.

### 4. Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.

Í heild fannst okkur við ráða við þau verkefni sem okkur bárust, samstarf við fulltrúa hópslyssastjórnar, Þóru Ákadóttur, var mjög gott. Upplýsingaflæði á milli gott. Sjá annars skýrslu Margrétar Blöndal og co sem við tókum þátt í að setja saman. Bestu þakkir fyrir lærdómsríka æfingu.

Ólafur Hergill Oddsson  
formaður

## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari/ar</b>
Móttaka og viðrun leikarar	Brynja Óskarsdóttir

Hugleiðingar í kjölfar móttöku og viðrunar leikara  
í hlutverkum slasaðra / sjúklinga:  
Borðsalur FSA.

- ❖ Hugsanlega ættu þeir sem setja leikara slasaðra inn í hlutverkið að taka á móti þeim eftir að þeir eru búnir að ganga í gegnum allt sitt ferli og sjá um viðrun á þeim. Líklega myndi það gefa leikurum tilfinningu heimkomu, léttis og áttunar, án mikillar fag-sálfræðilegrar áherslu, sem getur virkað íþyngjandi á þessu stigi.
- ❖ Miðað við það sem áður er fram komið í fræðslu, þá er best að sú viðrun fari fram á sjúkrahúsi eða þeirri endastöð þar sem hlutverk leysist upp / lýkur, áður en haldið er til sameiginlegrar upphafs- og endastöðvar.
- ❖ Augljóst er að unglingar hafa áhuga á spennuþætti slysaæfingar og því að fá inn- og yfirsýn í hvað gerist ef það verður slys. Þeir eru hins vegar almennt ekki komnir með orðaforða til að setja á eigin dýpri upplifanir og hafa þörf fyrir sjálfstæði frá formi fullorðinna, þannig að það er ekki hægt að gefa sér að verði unglingar fyrir e-s konar þungum áhrifum af æfingunni að þeir átti sig á því eða vilji ræða það þegar til viðrunar kemur. Auðvitað eru unglingar misjafnir eins og fólk í öðrum aldurshópum og þetta á ekki við alla. Ofverndun er ekki góð heldur og t.d. ungliðar í björgunar- og skátahreyingum þurfa að finna traust á því að þeir geti staðist álag. Það er því áriðandi að ákveða hvort það eigi að hafa unglinga í hlutverkum slasaðra og þá hvaða aldurshópa og hvernig er staðið að innsetningu í sjálf hlutverkin og aðstæður á slyssstað, með viðrun í huga líka.
- ❖ Reynslan í borðsal FSA sýnir að a.m.k. 2 þurfa að vera á viðrunarstöð leikara, helst fleiri.
  - 1 þarf að geta tekið á móti leikurum og sýnt þeim hlýju, boðið veitingar, tekið niður nöfn og kennitölu og talað við þá þannig að ljóst er að þeir eru ekki persónan sem þeir léku: núna eru þeir þeir sjálfir sem muna hvernig persónan sem þeir léku og fylgdust með á æfingunni brást við því sem gerðist á æfingunni og innan í sér. Greinilega er tilhneiging hjá öllum að tala um leikritið sem eigið líf einstaka leikara og flestir eiga erfitt með að finna orð í fljótheitum yfir breytta stöðu (æfing/leikrit búið – raunverulega persónan tekin við og leikritið var leikrit) – þannig er oft þörf fyrir hálfkæring og að geta gert grín að ýmsum uppakomum. Gott útaf fyrir sig, en hefur stundum bælandi eða vanvirðandi áhrif á upplifun leikara á upplifun sinni við að fylgjast með persónu sinni hafa sig í gegnum leikritið. Matsalspersónan þarf líka að gæta að því að leikarar tynist ekki eða rangli burtu og tryggja yfirsýn yfir það þegar fólk er sótt af svæðinu til að fara til enda- / upphafsstöðvar.
  - 1, 2, eða fleiri, þyrftu að geta tekið hópa (2 – fleiri) afsíðis og fengið leikarana til að segja sögu sína stuttlega og fengist við hina eiginlegu viðrun. Hugsanlega eru kliniskir geðlæknar, geðhjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, djáknar, prestar og félagsráðgjafar of einstaklingsmiðaðir í sínu daglega starfi, miðað við hvernig er best að viðrun sé. Ef um hópstarf er að ræða eða hópúrvinnslu, þá hefur það sína sérstöku aðferðafræði sem ekki nándar nærri allt starfsfólk í sálfélagslega geiranum er vant eða öruggt með. Hins vegar er þarna komið kjörið tækifæri til að æfa sig í slíkum vinnuaðferðum, sem reyndar, eins og annað, taka alltaf mið af aðstæðum og verða þannig sértækar. Miðað við fræðslu fyrirfram þá mæli ég með að starfsfólk áfallahjálparvinnu (Margrét, ofl) finni út hvaða aðferðum þau vilja sérstaklega mæla með að verði beitt við viðrun leikara og setji þá aðila inn í þau sem eiga að sinna slíkri viðrun hverju sinni, a.m.k. ef óvant fólk er á ferð, en líka vana fagaðila, því aðferðafræði vegna hópslysa er eðlilega mjög sértæk. ☺ Viðkvæmt, en þarf ekki að verða það ☺
- ❖ Mín persónulega reynsla af að vera í borðsal FSA þ. 28.maí'05 var ruglingsleg: uppgötvaði að ég hef tilhneingingu til að vilja fá einstakling til að tala strax hér og nú um tilfinningalega upplifun af vettvangi; varð innantóm er ég uppgötvaði að það átti ekki endilega við og að fólk heltist inn í borðsalinn í hópum en ekki einn og einn; að ég náði varla að heilsa fólki og bjóða eitthvað í gogginn, sem virkaði ákaflega áriðandi vegna hrells útlits einstaklinganna og

uppörvandi áhrifa matarinntöku ☺ og jafnframt að ná nöfnum svo enginn týndist, eða vísa til salernis og vera viss um að þau kæmu aftur og samtímis að viðhafa viðrun sem ég væri sátt við; áttaði mig á því seint og um síðir að ég vissi sosum ekkert hvenær ætti að kalla eftir aðstoð annarra og varð ákaflega súr úti sjálfa mig er ég uppgötvaði 3klst. síðar að ég hefði getað hermt eftir Margréti og tekið hóp einstaklinga afsíðis til viðrunar – en hvernig hefði þá farið með utanumhaldið í borðsalnum?; áttaði mig á því að viðstaddur í borðsalnum var starfsmaður flugbjörgunarstjórnar og held núna að ég hefði getað beðið hann um aðstoð og við skipt skýrt með okkur verkum, en eins og var var mjög gott að hafa hann þarna og hann var með það hlutverk að vera í sambandi við rútur og aðra ytri hópa og hafði mjög góða nærveru við leikara og aðra og mjög glöggt auga; eftir að hyggja hefði ég viljað hafa betri innsýn inni hvaða viðrunartækni væri við hæfi, því þótt ég kæmist að þeirri niðurstöðu að hópviðrun sem fælist í stuttri frásögn hvers og eins af eigin reynslu og ekki farið djúpt niður í tilfinningar en þær skannaðar, þá náði ég ekki að viðhafa þessa aðferð nema að mjög litlu leyti. Er ánægð með að mér fannst ég ná að greina sundur einkapersónu og leikhlutverk nokkuð, þannig að unglíngarnir áttuðu sig eitthvað á muninum þarna á milli (þeim flestum til undrunar sýndist mér og kannski furðu) og að ég náði að nefna við flesta leikara að þeir mættu hafa samband við áfallahjálparhóp FSA síðar ef þeir fyndu til erfiðra tilfinninga í kjölfar æfingarinnar. Hvort það virkar veit ég ekki, en fyrir mitt fagsjálf var ég ánægð með þennan þátt, í bili.

Með þökk fyrir mjög merka reynslu  
og óskum um gæfuríkt gengi ☺

29/5'05: Brynja Ósakradóttir, félagsráðgjafi við FSA.

## Flugslysaæfingin Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Flugvöllur	Áslaug Magnúsdóttir

### Flugslysaæfing – punktar – samantekt

Boðun gekk mjög vel.

Athugandi hvort ástæða er til að koma upp sírenu eða öðrum viðvörunarbúnaði víðar en í slökkvistöð, t.d. á vélaverkstæði, flugskýli FÍ, skrifstofu/flugafgreiðslu FÍ.

Flugvallarstjóri þyrfti að hafa bæði VHF- og tetra-talstöð, þar sem tvö kerfi eru í notkun varðandi bjargir. Eins þyrftu aðrir starfsmenn FMS að hafa handstöðvar.

Áður en æfing hófst hafði verið lagt upp úr að koma í turn FM-stöð til þess að flugumferðarstjóri gæti haft milliliðalaust samband við vettvangsstjóra og slökkvilið á meðan ekki væri komin tetra-stöð í turn. Þetta var gert en virkaði ekki þar sem vettvangsstjóri var ekki með slíka stöð.

Einnig þurfa að liggja fyrir skýrari upplýsingar í turni um fjarskipti á milli flugumferðarstjóra og vettvangsstjóra/aðgerðarstjórnar.

Gott samband á milli turns, slökkviliðs og starfsmanna FMS.

Akstursstjórn gekk almennt vel, en nokkuð um að merktir og ómerktir bílar ækju um flugbraut án samráðs við turn. Athuga merki til akstursstjórnunar – fánar blakta of mikið.

Keilun akstursleiða tók langan tíma og var e.t.v. óþarflega ítarleg (borðar). Athuga þarf með að til séu á staðnum nokkrar sérútbúnar keilur sem þola veður og vind til að merkja með akstursleiðir. Athuga hvort hægt væri að nýta styttri akstursleiðir t.d. gamla malarvegstengingu á móts við flugskýli ef slys verður við suðurenda brautar.

Mikilvægt að nýta starfsmenn FMS til akstursstjórnunar á vettvangi.

Hliðvarsla var mönnuð strax af FMS – atriði að formleg hliðvarsla sé mönnuð sem fyrst af vettvangsstjórn þó ytri lokun hafi verið komið á.

Athuga þarf með aðgengi að svæðinu norðan flugstöðvar – akstursleið þar verður að vera greið og eins þarf að hefta aðgang óviðkomandi að vellinum. Þarf að merkja girðingu og hlið sem neyðarakstursleið og bann við bifreiðastöðum.

Vantar skilgreinda samskiptaleið við aðgerðarstjórn, faxnúmer og/eða netfang (uppgefin faxnúmer virkuðu seint og illa).

Ástæða til að halda námskeið fyrir starfsmenn á flugvelli í viðbrögðum og fyrstu aðstoð við aðstandendur og farþega vegna flugslyss eða flugtilvika, þar sem langur tími getur liðið þar til aðstoð berst frá RKÍ. Athuga samræmingu við RKÍ og áfallateymi.

Galli að ekki skyldi takast að koma á áreiti í flugstöð og flugturni í æfingunni, því augljóst er að áreiti yrði gífurlegt ef slys yrði.

Rannsóknarnefnd flugslysa hafði hvorki samband við flugvallarstjóra né flugumferðarstjóra.

Greining slasaðra gekk vel – en það hefði mátt nýta meira af húsakosti vallarins (t.d. vélaverkstæði) undir fórnarlömb slyssins – þannig að rýmra hefði verið um greiningarfólk. Hægt að finna hentugra húsnæði fyrir SSÓ. Ný sandgeymsla í byggingu þannig að SSL ætti að verða heldur viðkunnanlegra.

Akureyri, 3. júní 2005

Áslaug Magnúsdóttir, aðstoðarmaður flugvallarstjóra.

## Flugslýsaæfing Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)	Ráðgjafi/ar:
Flugturn	Halla Björk Reynisdóttir Unnur Sigurðardóttir

- Boðun gekk mjög vel
- Allt of mikill tími fór í að strengja borða fyrir aksturslínu sem er óþörf
- engin tæki óku stystu leið
- Ekkert samband við vettvangsstjóra
- Engar upplýsingar um hver sé vettvangsstjóri né hvernig á að ná sambandi (símanúmer, rás á talstöð eða eitthvað annað)
- Þegar haft var samband við samhæfingarstöð var tiltölulega neikvætt viðmót og ítrekað að þarna væri verið að tala við Reykjavík
- Óraunverulegt að því leyti að allt áreiti vantar þ.e. símtöl frá hinum og þessum sem eru í raunveruleikanum ansi mörg
- Staðfesting um rýmingu brautar þarf að vera í gegnum talstöð en ekki síma, þar sem þeir eiga til að klicka.
- Rýming brautar var heldur tæp til að byrja með en gekk síðan vel þegar á leið
- Úr turninum er langbesta yfirsýnin og því bagalegt að geta ekki nýtt það betur til upplýsinga fyrir aðra þar sem talstöðvarsamband var ekkert við vettvangsstjórn.
- Brautin var aldrei afhent til óhefts aksturs en þó voru flestir bílar, merktir og ómerktir sem óku að vild
- Aldrei haft samband til að spyrja hve löng braut væri til afnota eða hvort þyrfti að loka henni alveg og/eða ástand brautar
- Hér fylltist allt af mönnum frá Kosovo sem eru í kynnisferð, í miðri æfingu, án þess að fá til þess leyfi frá flugumferðarstjóra á vakt. Spurning um hver hefur skipulagt hlutina svona?.
- Mjög bagalegt að á vinnustað þar sem alltaf er bara einn á vakt og einungis fimm starfsmenn, að allir skulu ekki boðaðir til að fylgjast með, læra af og rökræða hvernig hlutirnir megi betur fara.

Æfingin sett af stað	12:35
Neyðarhnappur	12:35
112	12:35
Varðstjóri flugstjórn	12:35
Slökkvilið	12:36
F.Í.	12:36
45 farþegar + 3 í áhöfn 1500 lítrar af eldsneyti um borð	
112 hringir	12:38
Vélaverkstæði út á braut	12:38
Neyðarboð í síma	12:39
Varðstjóri boðar annan flugumferðarstjóra á vakt	12:39
Sjúkrabíll mættur	12:39
Slökkvilið úr bænum	12:40
Lögreglan hringir	12:40
Sjúkrabílar mættir	12:41
Átthjól fer yfir braut	12:42
Körfubíll inn á braut	12:43
Neyðarboð í síma leiðrétt	12:44
Annar flugumferðarstjóri mættur á svæðið	12:45
Flaggliðið inn á brautir	12:45
Ríkislögreglustjóri inn á braut án leyfis	12:45
Hringt í 112 til að fá upplýsingar	12:46
Braut lokað við ramp	12:50
Brautarbíll býðst til að stöðva umferð	12:59

Bíll rannsóknarlögreglu inn á braut	13:01
Kl 13:00 hafði enginn farið fram á að fá brautina afhenta eða spurt um ástand vallarins fyrir aðra umferð.	
Varðstjóri í flugstjórn hringir og spyr um kallmerki á vélinni	13:11
Vantar símanúmer í samhæfingarstöð	
Ekkert samband við vettvangsstjórn	
Búið að greina 4 rauða, 6 gula og 2 græna kl 13:21	
Reynt að finna símanúmer hjá samhæfingarstöð og vettvangsstjórn eftir krókaleiðum, eftir nokkur símtöl tókst það loks og komst á samband kl.13:55	
Blár ómerktur jeppi ók án leyfis frá turni	14:10
Næst ekki samband í síma við vettvangsstjóra til að fá staðfestingu á að búið sé að rýma braut v/sjúkraflugs frá Reykjavík	14:20
JMR F50 RK-AR	14:20 3 lækna um
borð og blóð	
JMS F50 RK-AR	15:01 14 fylgdarmenn
JMK SW3 AR-RK	15:03
JMC DHC6 AR-RK	15:22
SYN F27 RK-AR	16:35
JMR F50 RK-AR	16:36
Æfingu lokið	16:45



## Flugslysaæfingun Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

<b>1. Viðfang (Verkpáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Neyðarlínan 112	Kristján Hoffmann

Punktur vegna æfing - flugslys Akureyri

### Undirbúningur

Gerðar voru áætlanir sem tiltóku eftirfarandi:

1. **Viðbúnaðarstig**
2. **Hættustig**
3. **Neyðarstig - land**
4. **Neyðarstig - sjór**

Eins og í fyrri æfingum var tekin ein af "alvöru" boðunum og búnar til séráætlanir > prófunar og æfingaráætlun með fyrirfram skrifuðum skilaboðun. Fyrir valinu varð Neyðarstig -Sjór sem er ýtrasta boðun hjálparliðs, enda allir hjálparliðar meðvitaðir um æfinguna og staðsetningu.

Leiðréttingar voru einhverjar eftir prófun á fimmtudeginum 26.maí en þær voru unnar jafnóðum í grunn, þegar þær bárust.

Unninn var upp boðunarlisti í hverja boðunaráætlun skv. flugslysaáætlun.....  
viðbætur voru sem ekki voru á lista æfingarinnar:

1. Bj.sveitin Týr
2. Landsstjórn bj.sveita
3. Þjóðkirkjan stórslysanevnd
4. FMS yfirstjórn
5. Þjóðkirkjan bakvakt presta AEY
6. Sjúkrabíll Dalvík ( í áætlanir - ekki í æfinguna)
7. Bakvakt rannsóknardeild lögr.AEY ( bæði æfing og í áætlanir).

Þá sem vantar í boðunaráætlanir og ekki fengust viðbrögð frá , hverja ætti að boða eða hvernig eru:

1. Lóðsinn AEY
2. Hafnastjóri AEY

Meðfylgjandi er heildaryfirlit yfir allar boðunaráætlanir og boðunarleiðir í þeim

### Framkvæmd laugardaginn 28.maí 2005

Kl.12:36 er innhringing frá flugturni og tilkynnt að Fokker hafi farið niður á brautarenda AEY með um fimmtíu manns um borð

Strax var súmmað á slökkvilið Akureyrar og hringt í lögreglu Aey sem bað um sérstaka boðun á frívaktir og yfirstjórn.

Samhliða var SMS boðun skv. æfingaráætlun og BOÐI var notaður sem viðbótarboðun.

Úthringing fór samhliða fram skv. lista í boðunaráætlun.

Allri boðun var lokið 12:41, einnig úthringingum.

### Punktur

Ábending kom frá Árna Birgissyni um að Neyðarstig -Sjór væri í texta vegna boðunar en ekki Neyðarstig - land.

Eins og fyrr segir var þessi áætlun notuð sem æfingaráætlun með fyrirfram skrifuðum texta AEFING og allir aðkomuaðilar voru meðvitaðir um staðsetningu. En vegna þessarar

ábendingar var sent aftur út Neyðarstig land ef æfingarboðun hefði misskilist >afgreitt kl.12;41.

Endurnýja þarf lista - áætlun vegna loftbrúar og ganga frá boðunarhóp hjá neyðarvörðum undir FMS.

Loftbrúarlisti þarf að sýna alla stærri virka flugrekendur landsins.

Vantar að bæta við BOÐA framkvæmd á borði slökkviliðs á varðstofu (3)

Boði var óvirkur á borði 6 þegar á reyndi en borð 5 sendi boðin þegar það kom í ljós > töf varð því á útsendingu BOÐA skilaboða

Heyrist illa í BOÐASKILABOÐUM í útsendingu, gæti verið vegna stillinga og "head"setta neyðarvarða.

Vantar enn BOÐA boðunartengingu og fyrir headsett á borði 112 á samhæfingarstöð

Skilgreining hefði átt að liggja fyrir með allsherjarboðun lögreglu AEY í slys af þessari stærðargráðu en ekki þegar

að úthringing var á lögreglu að fá þá upplýsingar hverja ætti að boða ( virkaði þó vel núna en hvernig verður það í "alvörunni")

Það vantar forritið aðgerðarstjóra á varðstofu 112.. en þar verða fyrstu upplýsingar og viðbrögð til og byrjunarskráning ætti að fara fram strax og þar inni til áframhaldandi útfyllingar við mönnun á samhæfingarstöð

Eyðublaðið loftbrú sem er notað á samhæfingarstöð og útbúið af FMS þyrfti að vera kalkerandi eða útbúið í grunni þannig að ekki þyrfti að yfirgefa starfstöð (112) til ljósritunar og dreifingar fyrir þá sem þurfa að hafa eintak.

Slökkt (ekki í hvíld) var á m.a. tölvu 112 á samhæfingarstöð.... lengir mikið tímann í að koma virkni í gang

Skv. aðgerðarstjóra liggja fyrst fyrir tölur ( óstaðfestar) vegna fjölda þeirra sem voru í slysinu kl. 13:57 (slys frá 12:35)

Kl.15:10 var engin yfirsýn yfir fjölda úr vél sem væru enn á slysstað.. eða aðrar upplýsingar frá vettvangi

Mikil upplýsingatregða var í gangi frá slysstað til samhæfingarstöðvar m.a tvo ofangreinda liði..

Gátlisti vegna starfsmanna - hópsslys útgefin af AVD er kannski misskiljanlegur - ekki nefnd starfstöð 112 eða verkefni

Ofangreindir punktar ritaðir jafnóðum eftir minnisblöðum og frá starfsfólki 112 á samhæfingarstöð og snýr m.a. að afgreiðslupáttum hjá okkur sjálfum.

112 neyðarverðir á samhæfingarstöð voru María Ólafsdóttir og Linda Ólafsdóttir

Kveðja  
Kristján

## Flugslysaaefingin Akureyri 2005 - Skýrsla lausnaraðila

<b>1. Starfseining</b>	<b>Skýrsluritari</b>
Samhæfingarstöð almannavarna	Björn Halldórsson

### **2 Nefnið nokkur atriði sem hefðu mátt fara betur og gerið tillögur að úrbótum.**

Alls voru 18 manns starfandi í Samhæfingarstöð almannavarna (SS) þegar mest var (6 í SÁBF, Landlæknir 1, Slysavarnafélagið Landsbjörg 2, Neyðarlínan 2, Rauði kross Íslands 3, Flugmálastjórn 3 og lögreglan 1) og var stöðin fullmönnuð, þegar tilkynning um að æfingin væri hafin kom til Neyðarlínunnar kl. 12.37.

Nokkrir af starfsmönnum SS voru óvanir, þ.m.t. stjórnandinn, og er óhætt að fullyrða að það hafi komið niður á starfinu; sumir voru óöruggir á hlutverkum sínum, réttar boðleiðir innan stöðvarinnar ekki ávallt virtar, dæmi voru um að tvær starfsstöðvar væru báðar að vinna í sama verkefninu á sama tíma og á sama stigi, 'Aðgerðastjórinn' var ekki alltaf rétt notaður, það var í einhverju tilviki hlustun á bakskipulag æfingarinnar fyrir norðan og stöðufundir voru of langir.

Á æfingunni var gerð tilraun með að vinna beiðnir milli SS og Aðgerðastjórnarinnar (AS) á Akureyri með þeim hætti að senda þær gegnum Aðgerðastjórnann. Í SS var ein starfsstöð – Rannsóknir – (R) látin hafa bæði kerfin opin og þar átti að færa beiðnir og svör við þeim milli kerfa; þ.e. taka beiðnir og afgreiðslu þeirra úr öðru kerfinu og færa yfir í hitt og öfugt eftir því sem við átti.

Þetta gekk í sjálfu sér ágætlega að öðru leyti en því að það er of lítið að hafa einn starfsmann í þessum verkþætti. Þeir verða a.m.k. að vera tveir. Framan af æfingu var ekki haft beint samband við AS heldur reynt að nota þennan samskiptamáta en síðar, þegar ljóst var að einn maður réði ekki við álagið, var farið að hringja.

Fram kom hugmynd um að í svona tilvikum væri skynsamlegt að varpa hlutaðeigandi Aðgerðastjórnar-Aðgerðastjóra upp á vegg í SS og önnur hugmynd kom fram um að láta Aðgerðastjórnann í SS vinna í 'einu kerfi', þ.e. að hafa færslur, bæði frá SS og AS, í einu kerfi.

Það voru helst beiðnir, ferli þeirra og afgreiðsla, sem misfórst. Upp kom misskilningur milli starfsstöðva og verkþátta um hvert ætti að senda beiðnir, hvernig ætti að leysa þær og hvernig ætti að kvitta fyrir afgreiðslunni.

Framan af í æfingunni gerðist það nokkrum sinnum að beiðnir voru afgreiddar með því að segja 'klárað' án þess að afgreiðslunnar væri lýst eða getið að nokkru leyti eða jafnvel áður en þeim var lokið. Þá voru dæmi um að beiðnir væru notaðar sem skilaboð og upplýsingar, sem fóru í beiðni, hefðu átt að fara í aðgerðaskrána en ekki beiðnaskrána og loks er ljóst að 'hringnum', þ.e. ferli beiðna, var ekki alltaf lokað.

Almennt gekk erfiðlega að fá svör við beiðnum sendum frá SS til AS og í sumum tilvikum komu engin svör. Svör við beiðnum um ákveðnar upplýsingar, sem voru sendar norður, komu ekki í gegnum R.

Auk framkvæmdalegra atriða, er varða Aðgerðastjórnann, komu einnig upp tæknileg vandamál, s.s. að beiðnir virtust ekki alltaf skila sér hjá viðtakanda heldur komu þær fram undir 'allar beiðnir'. Bent var á að það væri gott að fá kvittun frá þeim, sem móttækur beiðni, líkt og þegar kvittað er fyrir móttöku á tölvupósti.

Í ljósi þeirrar reynslu af fyrri flugslysaaefingum, að miðlun upplýsinga frá Söfnunarsvæði slasaðra (SSS) til SS og hlutaðeigandi AS um sjúkraflutninga úr umdæmi, var beint fjarskiptasamband milli SS og Aðhlyningarstjóra (AHS) reynt í fyrsta sinn í þessari æfingu. Ekki var ætlast til að SS óskaði annarra upplýsinga af AHS en um númer greiningarspjalds og greiningarlit, tegund áverka (hryggur-höfuð-brjóst/thorax-bruni) og hvort um barn eða fullorðinn væri að ræða. Þó er huganlega eðlilegt að grunnupplýsingar um flug fari þarna á milli einnig.

Samskiptin fóru fram með TETRA-handstöð og annaðist einn starfsmaður í SS þau. Oft var erfitt að ná í AHS; hann virtist ekki heyra í talstöðinni og var seinn til svars.

Fulltrúi Landlæknis í SS var mjög ánægður með þetta samband og sagði að í fyrsta skipti hefðu nauðsynlegar upplýsingar verið til staðar við ráðstöfun sjúklinga í sjúkrarými utan slysaumdæmis og utanumhald sjúklinga hefði bæði verið einfalt og öruggt og þar skipti númer greiningarspjaldsins miklu máli. Móttaka sjúklinga hér syðra var þó ekki æfð að þessu sinni en gott væri að gera það síðar.

Ekki var öllum kunnugt um þá almennu reglu í Flugslysaáætlun Akureyrarflugvallar að virkja eigi sjúkraflutninga í lofti (loftbrú) fyrir helming farþega eða helming farþegasæta í flugvél ef farþegafjöldinn er ókunnur og af þessum sökum spannst misskilningur og seinkun á virkjun loftbrúarinnar. Mjög mikilvægt er, vegna virkjunar loftbrúar, að allir, sem að henni koma; Flugmálastjórn, Landlæknir, Framkvæmdir, Bjargir og Neyðarlínan, þekki hlutvek sín og allt ferlið vel. Þetta var ekki tilfellið núna. Það er fulltrúi Flugmálastjórnar í SS, sem stjórnar sjúkraflutningum í lofti (loftbrúnni) en það var ekki svo í þessari æfingu og það gæti verið æfingalegs eðlis.

Í kjölfar misskilnings milli Bjarga og Neyðarlínunnar um skrá yfir svokallaðar 'Operational flugbjargir' var bent á þörf á að gera skrána skýrari og að ljúka við að safna upplýsingum um 'breytingar configuration' en FMS mun hafa tekið það verk að sér. Í þessu samhengi kom fyrirspurn frá fulltrúa FMS um skyldur flugrekenda til að bregðast við beiðnum frá SS en ákvæði almannavarnalaga um það eru mjög skýr.

Einn þátttakandi í rýnifundinum hafði verið ráðgafi AS og var fyrir norðan í æfingunni. Í því samhengi að SS væri með óþafa áreiti við AS með því að vera sífellt að biðja um upplýsingar þá var það hans skoðun að áreitið hefði mátt vera meira til að auka 'pressuna' á AS – hún hefði gott af því að kynnast henni eins og hún væri í raunverulegu tilfalli. Þá gat hann þess að ruglingur með farþegalistann hefði valdið óþægindum og að erfitt hefði verið að fá upplýsingar frá Vettvangsstjórn (VS) til AS og t.d. hefðu upplýsingar um áhöfn flugvélarinnar aldrei fengist frá VS.

Flugslysaáætlunin fyrir Akureyrarflugvöll var ekki tilbúin fyrr en 24. maí en það er of seint. Fyrir æfinguna þurfa hlutaðeigandi, t.a.m. starfsfólk SS, að geta kynnt sér hana og jafnvel samlesið. Það tókst ekki að þessu sinni.

Það, að áhöfn SS knýr á AS um margvíslegar upplýsingar, er ekki ný bóla heldur hefur þetta viðgengist lengi. Mikilvægt er að áhöfn SS sé vel þjálfuð, þekki starfsfyrirmæli, boðleiðir og hlutverk sitt til hlítar en sama má segja um starfsfólk AS og VS. Grunnhugsunin hlýtur að vera sú að það eru hagsmunir þeirra, sem lenda í áfalli og aðstandandenda þeirra, sem ber að hafa í fyrirrúmi, ekki skipulagið eða viðbragðsaðilana. Gagnkvæmur skilningur og traust milli mismunandi starfsstiga; þeirra sem starfa á landsvísu, svæðisbundinna aðgerðastjórna og vettvangsstjórna, er sömuleiðis lykilatriði.

Langflest af því, sem hér að ofan kom fram er hægt að laga með aukinni þjálfun og samhæfingu. Þá hafa komið fram ábendingar um ákveðnar lagfæringar á Aðgerðastjóranum o.fl.

### **3 Nefnið nokkur atriði sem fóru vel.**

Óhætt er að segja að ríkur vilji til að vinna saman og umburðarlyndi gagnvart óvönu starfsfólki í Samhæfingarstöð, þrátt fyrir að margt hafi farið úrskaiðis, hafi einkennt hana. Þetta var því í alla staði lærdómsríkt og vissulega sást árangur af þeirri þjálfun, sem hefur farið fram í vetur þó að hún megi að sjálfsögðu vera meiri.

# **Kafli 7**

## **Viðaukar**



## Flugslýsaæfing Akureyri 2005 - Skýrsla ráðgjafa

<b>1. Viðfang (Verkþáttur eða verkefni)</b>	<b>Ráðgjafi/ar:</b>
Rýnifundur 29. maí 2005	Bergþór N. Bergþórsson

### Rýnifundur v/flugslýsaæfingarinnar á Akureyrarflugvelli

**Árni Birgisson** æfingastjóri kynnir dagskrá fundarins sem hann segir vera til að fara yfir gang æfingarinnar. Þörf er á að draga réttan lærdóm af æfingunni og eins er þörf á réttmætri gagnrýni. Hann segir æfinguna hafa gengið vel og hrósar heimamönnum fyrir. Einhver óvissa var með farþegalista. Samhæfðar aðgerðir á slysstað fóru seint í gang – sambandsleysi.

**Vigdís Agnarsdóttir** sem sá um sjálfboðaliða og förðun þakkaði öllum fyrir gott starf. Undirbúningurinn hófst fyrir tveimur vikum og voru undirtektir góðar. Auglýst var eftir leikurum í Dagskránni. Illa gekk að fá fólk til að leika aðstandendur. Flestir leikaranna voru í yngra lagi en þeir stóðu sig mjög vel. Ekkert af þessu unga fólki ofkældist. Mjög reyndi á þolinmæði þeirra sem léku lík. Förðunin sem heimamenn sáu um var FRÁBÆR! Skipulag á vettvangi gekk mjög vel en leikurum fannst lítil virðing vera borin fyrir hinum látnu.

**Jóhannes Sigfússon** vettvangsstjóri.

Atriði sem betur máttu fara:

- Fjarskipti voru við flugturninn í gegnum síma – vantaði TETRA í turninn.
- Fyrstu upplýsingar um fjölda slasaðra voru lengi að berast.
- Fjarskipti við björgunarstjóra – tók tíma að koma talstöð til hans. Fyrsta talstöðin var með tómar raflöður.
- Fulltrúi RNF kom því á framfæri að leita þyrfti að stykki úr vélinni – það yrði ekki í forgangi.
- Upplýsingaflæði – skortur var á upplýsingastreymi
- E.t.v. var björgunarstjórinn með of mikið að gera.
- Tvíræður farþegalisti
- Sumar beiðnir voru ekki nógu vel skilgreindar, t.d. fjöldi teppa.
- Ýmsar boðleiðir.
- Áhöfn vélarinnar hefði þurft að vera merkt.
- Stöðuskýrslur.
- Stöðufundir.
- Hlustun á fjarskiptum í vettvangsstjórabifreið.
- Fjölmiðlar – ekkert áreiti frá þeim
- Samskiptaforritið “aðgerðarstjórinn” – tekur tíma að vinna með það forrit.
- Vettvangsstjórn biður um aukinn mannafla – svar barst tæplega klukkustundu síðar.

Atriði sem fóru vel:

- Samvinna í vettvangsstjórn
- Fjarskiptasamband
- Fjarskiptaáætlun
- Talningin
- Rýming brautar
- Lokanir – einn slapp innfyri ytri lokun
- Störf verkþáttastjóra gekk vel.
- Lærdómur af SÁBF-kerfinu.
- Nægar bjargir.

**Jón G. Knutsen** aðhlyningarstjóri

Greiningin byrjaði rólega en gekk vel.

Þakkaði björgunarsveitarmönnum sem hjálpuðu m.a. við uppsetningu á 4 borðum.

Meðferð sjúklinga var góð.

Flutningar almennt góðir – stundum voru menn óþolinmóðir að bíða eftir flutningum.

Stundum kom beiðni ofan í beiðni.

Vantaði fleiri heilbrigðisstarfsmenn?  
Greiningarsveit að sunnan – hvernig kom hún norður?  
SSS e.t.v. of lítið  
Lyf, vökvi og súrefni kom ekki  
Fjarskipti vantaði að einhverju leyti  
Starfsfólk SSS vann vel og gekk allt vel.  
Jón sagðist almennt ánægður með gang mála.

**Jóhannes Sigfússon** talaði fyrir hönd **Mörtu Óskarsdóttur** gæslustjóra.

Það sem betur mátti fara:  
- Innri lokun – vantaði upplýsingar um hvenær lokunin var trygg.  
- Vantaði skýrar upplýsingar um hvenær æfingu lauk formlega.  
- Talningamál - hvaða tölur þurfti?  
- Vantaði blað fyrir talningastjóra.  
- Fjarskipti við talningarstjóra  
- Fullt starf að halda utanum talninguna.

Það sem fór vel:

- Ytri og innri lokanir gengu vel.  
- Talningamenn fá hrós – tölur stemmdu.

**Rúnar Jónsson** flutningastjóri

Það sem betur mátti fara:  
- Fjarskipti við vettvangsstjóra  
- Fjarskiptakerfið – efast um að það gangi upp.  
- Björgunarstjóri fékk ekki talstöð fyrir en eftir nokkurn tíma.  
- Vantaði björgunarmenn á svæðið – send beiðni – tveimur tímum seinna var svarið: “málið er í athugun.”  
- Misskilningur kom upp varðandi flugið.  
- Samskipti – beiðnir hefðu átt að berast beint til aðgerðarstjóra í stað þess að fara um vettvangsstjóra.  
- Kallmerki sjúkrabíla veldur ruglingi.  
Um 70 björgunarveitarmenn – hafði um 10 til 15 í viðbót – stóðu sig mjög vel.  
Að lokum: Æfingin tókst vel.

**Ingimar Eydal** í stað **Viðars** björgunarstjóra

Spurning um það hvort Viðar fengi aðstoðarmenn.  
Spurning hvort ekki þurfi að skipta upp verkefni björgunarstjóra.  
Þörf á að laga fjarskiptamálin – tvö kerfi sem tala ekki saman.  
Bjargir þurfa að skila sér á slysstað – ekki að lenda í bið.  
Sexhjól koma sér vel við svona aðstæður.  
Körfubíllinn nýttist ekki eins vel og til stóð vegna þess að ekki fékkst að reysa hann nógu lengi vegna flugs inn á völlinn.  
Slökkviliðsmenn skiluðu verki sínu með miklum sóma.

**Daníel Guðjónsson** aðgerðarstjóri.

Nýtt aðgerðarskipulag í umhverfi sem ekki hafði verið unnið í áður í aðgerðarstjórnstöð.  
Truflandi að hlusta stöðugt á fjarskipti.  
Hætt á að missa yfirsýn.  
Vantar æfingu á tölvukerfi.  
Æfingin gekk vel.  
Of mikil orka í talningu slasaðra í gegnum kerfið.  
Þörf á þolinmæði varðandi upplýsingar frá vettvangsstjórn  
Nauðsynlegt að nota það sem til er eins og GSM.  
Bæta þarf samskipti við Samhæfingarstöðina.  
Útkallið skilaði sér til aðgerðarstjórnar.  
Mikill plús að hafa 112  
Fjarskipti – mikið álag á fjarskiptamenn  
Áætlanir – fjórir farþegalistar – saga á kreiki um Cessnu sem lenti líka í slysinu.  
Heilsugæslan – kvartað undan samskiptum við Samhæfingarstöð.



**Þorvaldur Ingvarsson** fyrir **Magnús** á FSA

Gekk vel að manna sjúkrahúsið.  
Innan við fjóra tíma tók að ræsa 60% sjúkrahússins.  
Geta FSA er meiri – varð aldrei kaos.  
Læknir á flugvakt fékk ekki útkall.  
Virkjun og allt annað gekk vel.  
Fjarskipti gengu vel.

**Ólafur Oddsson** læknir á geðdeild FSA, áfallahjálp/sálgæsla

Lærdómur:  
Of ungir leikarar.  
Æfa þarf aðgeriðir og helgisiði tengda hinum látnu – vantar inn í flugslysaáætlunina.  
Ekki nægar upplýsingar um hina látnu til aðstandenda.  
Tveir leikarar endurupplifðu slys og fannst áfallahjálp/sálgæsla koma sér að gagni.

**Sigurður Ólafsson** frá Rauða krossinum.

Talaði um útkallið og þá staði sem Rauðakross fólk fór á: flugstöðina og fjöldahjálparstöðina.  
Spurning vaknaði um notkun á rútu sem síðan var leyft.  
Hverjir fóru hvert?  
Farþegalistar ekki réttir.  
Aðstandendur voru of fáir til að reyna á kerfið – þeir voru líka ótengdir hinum slösuðu.  
Húsnæði SSÓ ekki hentugt.  
Samvinna var góð og gekk allt vel. RKÍ fólk var um 100 klst á æfingunni auk undirbúnings.

**Jónas Vigfússon** sá um skráningarmálin.

Grænn, gulur, rauður og svartur – Nauðsynlegt að skrá þá inn en ekki þörf á að skilgreina það allt út.

**Víðir Reynisson** talaði fyrir **Þorkel** hjá RNF.

Tilkynning gekk vel.  
Innri lokun til fyrirmyndar.  
Suðvestur hluti innri lokunar flosnaði upp eftir um eina klst.  
Bað um að leitað yrði að varahlut sem líklega olli slysinu.

**Heimir M. Pétursson** upplýsingarfulltrúi.

Fjölmiðlar mættu á fund kl. 11:00  
Menn frá Fréttablaðinu fengu ekki boð á þann fund og komu seint og var hent út.

**Jón Björn Bogason** frá FML

Fjarskiptin gengu yfirleitt vel þó svo að það hafi verið mismunandi tækjabúnaður.

**Halla Reynisdóttir** frá flugturninum á Akureyri.

Neyðarhnappur var settur upp degi fyrir æfingu eftir margra ára bið og er það gott  
Hringt var í 112 og flugstjórn og boðun til annarra flugumferðarstjóra gekk vel  
Við áætluðum að annar flugumferðarstjóri hefði getað verið kominn á vaktina 10 mínútum eftir að  
slysið varð.  
Talstöðvarsamband við vettvangsstjóra var ekkert og símasamband komst ekki á fyrr en langt var liðið  
á æfinguna. Ekkert samband var haft við okkur af fyrra bragði frá vettvangsstjórn. Vorum í góðu  
sambandi við slökkvilið og flaggmenn.

- Boðun gekk mjög vel
- Allt of mikill tími fór í að strengja borða fyrir aksturslínu sem er óþörf
- Engin tæki óku stystu leið
- Engar upplýsingar um hver sé vettvangsstjóri né hvernig á að ná sambandi (símanúmer, rás á talstöð eða eitthvað annað)
- Þegar haft var samband við samhæfingarstöð var tiltölulega neikvætt viðmót og ítrekað að þarna væri verið að tala við Reykjavík
- Óraunverulegt að því leyti að allt áreiti vantar þ.e. símtöl frá hinum og þessum sem eru í raunveruleikanum ansi mörg
- Staðfesting um rýmingu brautar þarf að vera í gegnum talstöð en ekki síma, þar sem þeir eiga til að klicka.

- Úr turninum er langbesta yfirsýnin og því bagalegt að geta ekki nýtt það betur til upplýsinga fyrir aðra þar sem talstöðvarsamband var ekkert við vettvangsstjórn.
- Brautin var aldrei afhent til óhefts aksturs en þó voru flestir bílar, merktir og ómerktir sem óku að vild
- Mjög bagalegt að á vinnustað þar sem alltaf er bara einn á vakt og einungis fimm starfsmenn, að allir skulu ekki boðaðir til að fylgjast með, læra af og rökræða hvernig hlutirnir megi betur fara.

#### **Áslaug Magnúsdóttir** talaði fyrir **Sigurð** flugvallarstjóra

Þegar flugturninn ýtir á neyðarhnapp opnast hurðir hjá flugvallarslökkviliði og sírena fer þar í gang en hefði mátt hljóma bæði í flugstöð og á flugvallarsvæðinu.

Hlið er norðan við flugstöðina en engin leið að nota það vegna þess að bifreiðum hefur verið lagt þar. Þörf gæti verið fyrir námskeið flugvallarstarfsmanna í umgengni/meðhöndlun aðstandenda þangað til sérfræðingar mæta á staðinn.

Skoða hvort ekki mætti nýta annan mannskap á flugvallarsvæðinu ef slys verður.

#### **Víðir Reynisson** talaði um Samhæfingarstöðina í Skógarhlíð, Reykjavík.

Hafa ber í huga að einn maður með eina tölvu vann við “Aðgerðarstjórnann” og drukknaði. SÁBF voru allir að vinna við þessi störf í fyrsta skiptið

Sjúkraflutningar: Mistök voru varðandi upplýsingaflæði.

Hlutverk Samhæfingarstöðvarinnar ?

Eftir þessi erindi var orðið laust og þessir komu í pontu og vildu koma eftirfarandi á framfæri.

#### **Pétur Pétursson** yfirlæknir sem var í Aðgerðarstjórn.

Taldi sunnanmenn hafa ýmislegt fram að færa og var hvatning til að vinna saman.

Meta þurfti “kapasitetið” og var niðurstaðan að það vantaði sjúklinga á sjúkrahúsið.

Símtöl virkuðu truflandi, en þar voru á ferð aðstandendur og blaðamaður frá DV. Það þyrfti að vera hægt að beina þessum símtölum annað.

Stór spurning hefur vaknað um virkni Samhæfingarstöðvarinnar í Skógarhlíð í svona aðgerð.

Niðurstaðan í þessari æfingu er sú að best hefði verið að sleppa henni.

Að lokum þakkaði Pétur slökkviliði Akureyrar og starfsfólki FSA.

#### **Hannes Blandon** prófastur.

Taldi afar athyglisvert að fylgjast með svona æfingu. Var glaður að fá að vera með.

Nefndi tvö atriði sem hann gerði athugasemdir við:

1. Notkun sandhússins fyrir látna sem var óaðlaðandi.
2. Afar þröng aðstaða á sjúkrahúsinu.

Að lokum kom **Björn Jósef Arnviðarson** sýslumaður í ræðustól.

Hann lýsti mikilli ánægju með æfinguna. Ýmsir hnökrar komu fram.

Æfingin hjálpar okkur að takast á við það sem möguleiki er á að geti skeð.

Hann þakkaði öllum sem að æfingunni komu og sérstaklega öllum sjálfboðaliðunum.

### Ráðgjafahópur, flugslysæfingin AKUREYRI 2005, sambandsleiðir

	Starfseining (stofnun / samtök)	Nafn	Netfang	Vinnu sími	Farsími
1	Biskupsstofa - prestar	Guðrún Eggertsdóttir	<a href="mailto:gudrunegg@vortex.is">gudrunegg@vortex.is</a>	557-3280	846-3442
2	Flugmálastjórn - fjölmiðlamál	Heimir M. Pétursson	<a href="mailto:heimirm@caa.is">heimirm@caa.is</a>	569 4100	862-2868
3	Flugmálastjórn - flugumferðastjórn	Bergþór N. Bergþórsson	<a href="mailto:bergthor@caa.is">bergthor@caa.is</a>	569 4141	897-9522
4	Flugmálastjórn - flugumferðastjórn o.fl.	Kristján Torfason	<a href="mailto:kristjan@caa.is">kristjan@caa.is</a>	569 4100	893-1165
5	Flugmálastjórn - flugvellir	Arni Birgisson	<a href="mailto:arnib@caa.is">arnib@caa.is</a>	569 7237	894-8272
6	Flugmálastjórn - flugvellir	Þjarni Sighvatsson	<a href="mailto:bjarnis@caa.is">bjarnis@caa.is</a>	569 4304	891-8012
7	Flugmálastjórn - leikarar / förðun	Vigdís Agnarsdóttir	<a href="mailto:vigdisbjork@hotmail.com">vigdisbjork@hotmail.com</a>		894-9483
8	Landspítali Fossvogi - hjúkrunarfræðingur	Margrét Blöndal	<a href="mailto:marblond@landspitali.is">marblond@landspitali.is</a>	543 2095	824-5483
9	Landspítali Fossvogi - hjúkrunarfræðingur	Guðbjörg Pálsdóttir	<a href="mailto:guggap@landspitali.is">guggap@landspitali.is</a>	543 1000	824-5283
10	Landspítali Fossvogi - hjúkrunarfræðingur	Þára Benediktsdóttir	<a href="mailto:tharaben@landspitali.is">tharaben@landspitali.is</a>	543 1000	862-1780
11	Landspítali Fossvogi - lækni	Kristín Sigurðardóttir	<a href="mailto:ksp@lsh.is">ksp@lsh.is</a>	543 1000	860-8895
12	Landspítali Fossvogi - lækni	Gísli Haraldsson	<a href="mailto:gislihan@landspitali.is">gislihan@landspitali.is</a>		897-0548
13	Neyðarlína	Kristján Hoffmann	<a href="mailto:kristjan.hoffmann@112.is">kristjan.hoffmann@112.is</a>	570 2000	899-8112
14	Rannsóknarnefnd flugslysa	Þorkell Ágústsson	<a href="mailto:thorkell@mf.is">thorkell@mf.is</a>	511-1666	860-0333
15	Rauði kross Íslands	Herdís Sigurjónsdóttir	<a href="mailto:herdis@redcross.is">herdis@redcross.is</a>	570 4048	899-2456
16	Ríkislögreglustjórnin - almannavarnir, vettvangstj.	Víðir Reynisson	<a href="mailto:vidir@rls.is">vidir@rls.is</a>	570 2653	864-1759
17	Ríkislögreglustjórnin - samhæfing	Þjörn Halldórsson	<a href="mailto:bh@rls.is">bh@rls.is</a>	570 2654	863-2550
18	Ríkislögreglustjórnin - vettvangsstjórn	Rögnvaldur Ólafsson	<a href="mailto:rogvaldur@rls.is">rogvaldur@rls.is</a>	570 2668	898-9404
19	Ríkislögreglustjórnin - Aðgerðarstjórn	Hjálmar Björgvinsson	<a href="mailto:hjalmar@rls.is">hjalmar@rls.is</a>	570 2500	863-2551
20	Ríkislögreglustjórnin - fjarskiptamiðstöð	Jónína S. Sigurðardóttir	<a href="mailto:jonina_fm@rls.is">jonina_fm@rls.is</a>	570 2600	897-6505
21	Ríkislögreglustjórnin - fjarskiptamiðstöð	Jónbjörn Bogason	<a href="mailto:jonbjorn_fm@rls.is">jonbjorn_fm@rls.is</a>	570 2600	895-1702
22	Slysavarnafélagið Landsbjörg	Ingólfur Haraldsson	<a href="mailto:ingolfur@landsbjorg.is">ingolfur@landsbjorg.is</a>	570 5900	895-1484
23	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Jón F. Jóhannsson	<a href="mailto:jon.fridrik.johannsson@shs.is">jon.fridrik.johannsson@shs.is</a>	570 2040	862-7272
24	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Arni Ómar Arnason	<a href="mailto:arnioa@mmedia.is">arnioa@mmedia.is</a>	570 2040	896-6177
25	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	Jörgen Valdimarsson		528-3000	897-2005

### Norðanmenn, flugslysæfingin AKUREYRI 2005, sambandsleiðir

	Starfseining (stofnun / samtök)	Nafn	Netfang	Vinnu sími	Farsími
1	Flugfélag Íslands	Ari Fossdal	<a href="mailto:afossdal@flugfelag.is">afossdal@flugfelag.is</a>	460-7000	860-1207
2	Flugmálastjórn Íslands-Akureyrarflugvelli	Sigurður Hermannsson	<a href="mailto:sigurdurh@caa.is">sigurdurh@caa.is</a>	569-4370	895-3210
3	FSA (fjórðungssjúkrahúsið)	Þorvaldur Ingavason	<a href="mailto:thi@fsa.is">thi@fsa.is</a>	463-0100	863-0109
4	Lögreglan Akureyri	Tómas Viðarsson	<a href="mailto:tomas@tmd.is">tomas@tmd.is</a>	464-7727	896-7754
5	Lögreglan Akureyri-aðstoðaryfir lögregluþjónn	Ólafur Ásgeirsson	<a href="mailto:olafurasg@tmd.is">olafurasg@tmd.is</a>	464-7700	893-6222
6	Lögreglan Akureyri-lögreglustjóri	Þjörn Jósef Arnviðarsson	<a href="mailto:bjornjosef@tmd.is">bjornjosef@tmd.is</a>	464-6900	897-0210
7	Lögreglan Akureyri-yfir lögregluþjónn	Daníel Guðjónsson	<a href="mailto:danielg@tmd.is">danielg@tmd.is</a>	464-7706	897-0200
8	Rannsóknardeild lögreglu	Daníel Snorrason	<a href="mailto:ds@tmd.is">ds@tmd.is</a>	464-7722	894-4255
9	Rauði Krossinn Akureyri	Sigurður Ólafsson	<a href="mailto:siggiola@simnet.is">siggiola@simnet.is</a>	460-7799	862-2097
10	Rauði Krossinn Akureyri	Hafsteinn Jakobsson	<a href="mailto:akureyri@deild.redcross.is">akureyri@deild.redcross.is</a>	461-2374	891-8374
11	Rauði Krossinn Akureyri	Valdís Gunnlaugsdóttir	<a href="mailto:vg@raftakn.is">vg@raftakn.is</a>	465-2428	865-2428
12	Slökkvilið Akureyrar	Jóhann Þór Jónsson	<a href="mailto:johannj@akureyri.is">johannj@akureyri.is</a>	461-4200	899-1073
13	Slökkvilið Akureyrar	Ingimar Eydal	<a href="mailto:ingimar@akureyri.is">ingimar@akureyri.is</a>	461-4202	862-2173
14	Slökkvilið Akureyrar	Erling Þór Júlíusson	<a href="mailto:erlingj@akureyri.is">erlingj@akureyri.is</a>	461-4201	895-6590
15	Súlur-Björgunarsveitin	Skúli Árnason	<a href="mailto:akureyri@postur.is">akureyri@postur.is</a>	580-1161	825-1127
16	Súlur-Björgunarsveitin	Steingrímur Hannesson	<a href="mailto:denni@holdur.is">denni@holdur.is</a>	461-6003	840-6003
17	Súlur-Björgunarsveitin	Rúnar Jónsson	<a href="mailto:runar.jonsson@vegagerdin.is">runar.jonsson@vegagerdin.is</a>	522-1841	894-3652
18	Þjóðkirkjan	Hannes Örn Blandon	<a href="mailto:hannes.blandon@kirkjan.is">hannes.blandon@kirkjan.is</a>	463-1348	899-7737
19	"Óflun og undirbúningur leikara"	Elsa Dögg Benjaminsdóttir	<a href="mailto:elsaben@simnet.is">elsaben@simnet.is</a>		862-0497
20	Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 11	Halldór Torfi Torfason	<a href="mailto:dori@vma.is">dori@vma.is</a>		863-1316
21					
22					
23	* Lykil tengiliður vegna áætlunar og æfingar				